


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fólk
Myndavélar og ljósmyndavörur




**Leikið við öldurnar**
*Sífellt fleiri erlendir ferðamenn ferðast til Íslands til að fara á brimbretti.*
**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**10. júlí 2012**
160. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Hleypur maraþon**
*Björn Bragi ætlar að hlaupa heilt maraþon í fyrsta skipti í ágúst.*
**popp 30**

**Nýr flóamarkaður**
*Berta Guðrún stofnaði nýjan flóamarkað í fæðingarorlofinu.*
**tímamót 16**



**Betur má ef duga skal**
*Forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson, hefur áhyggjur af litlum styrkjum til afreksfólks.*
**sport 26**

**veðrið í dag**




**SÓLRÍKT** Hæg norðlæg átt á landinu í dag og bjart með köflum, en skýjað eystra. Hiti 10-18 stig, hlýjast SV-til.

**VEÐUR 4**

# Ógerilsneyddir ostar leyfðir

**Ný reglugerð leyfir innflutning á ostum úr ógerilsneyddri mjólk til einkaneyslu. Hver má hafa með sér eitt kíló til landsins. MAST segir þar komið til móts við athugasemdir. Ostaáhugafólk fagnar þessari nýjung.**

**NEYTENDUR** Leyfilegt er nú að flytja til landsins osta úr ógerilsneyddri mjólk. Samkvæmt nýrri reglugerð sem tók gildi í maímánuði er hverjum ferðalangi nú leyfilegt að flytja til landsins allt að einu kílói af ostum unnum úr ógerilsneyddri mjólk til einkanota. Landbúnaðarráðherra getur heimilað innflutning á meira magni, en aðeins til einkaneyslu.

Fram af því hafði verið óheimilt að flytja inn mjólkurafurðir úr ógerilsneyddri mjólk í varnaðarskyni gegn útbreiðslu dýrasjúkdóma.

Þorvaldur H. Þórðarson, framkvæmdastjóri inn- og útflutningsmála hjá Matvælastofnun (MAST), segir í samtali við Fréttablaðið að aðeins sé um takmarkað magn að ræða. Reglugerðarbreytingin sé að frumkvæði stjórnvalda en ekki eftir erlendri forskrift.

„Við höfðum fengið til okkar athugasemdir vegna þessara mála og erum einfaldlega að koma til móts við fólk með þessari breytingu.“

Ostar úr ógerilsneyddri mjólk teljast margir til bestu osta heims, en þeir hafa ekki verið fáanlegir hér á landi. Annars vegar eru þeir ekki framleiddir á markað innanlands og hins vegar hafa tollverðir gert alla osta í farangri á leið til landsins upptæka, nema þeir hafi sannanlega verið framleiddir úr gerilsneyddri mjólk.

> Í þessum ostum fær afurðin að njóta sín.
>
> JÓHANN JÓNSSON OSTAKAUPMAÐUR

Ógerilsneyddir ostar eru flestir framleiddir í Frakklandi, Ítalíu, Sviss og Spáni. Meðal þekktustu tegunda eru Parmesan, Roquefort, Gruyère og Appenzeller.

Jóhann Jónsson, eigandi Ostabúðarinnar á Skólavörðustíg, segir að þetta séu gleðifréttir fyrir áhugafólk um góða osta.

„Það er stór munur á ostum eftir því hvort þeir eru gerðir úr gerilsneyddri eða ógerilsneyddri mjólk,“ segir hann í samtali við Fréttablaðið. „Í þessum ostum fær afurðin að njóta sín. Þegar ostarnir koma svo frá minni framleiðendum hafa þeir miklu meiri karakter heldur en það sem kemur frá verksmiðjum.“

Jóhann segir þetta vera kærkomið tækifæri fyrir almenning á Íslandi að kynnast gæðaafurðum.

„Mér finnst þetta frábært. Ég er einmitt á leiðinni til Parísar í vikunni og mun örugglega taka eitthvað gott með mér heim.“ **- þj**



**STUND MILLI STRÍÐA** KR-ingar standa í ströngu þessa dagana og spila leiki á nokkurra daga fresti næstu vikurnar. Hannes Þór Halldórsson markmaður og varnarmennirnir Grétar Sigfinnur Sigurðsson og Gunnar Þór Gunnarsson nýttu tækifærið í sólinni í gær og slökuðu á í heita pottinum í Nauthólsvíkinni eftir erfiðan leik í Eyjum á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þórunn Antonía vekur athygli:

## Óvart á toppi lista á Spáni

**TÓNLIST Söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir vermir fyrsta sæti lagalista spænsku tónlistarsíðunnar AstreduPOP með lagi sínu Too Late.**



ÞÓRUNN ANTONÍA MAGNÚSDÓTTIR

**Þórunn vissi ekki af aðdáun Spánverja, en aðstandandi síðunnar sendi henni eftirfarandi skilaboð: „Þetta er frábært popplag sem er spilað hverja helgi í Zaragoza á Spáni og allir dýrka það hér.“ Jafnframt hefur lagið So High, sem kom á netið fyrir rúmri viku, vakið nokkra athygli í netheimum og undrast Þórunn viðbrögðin.**

**„Það er búið að skrifa fullt um nýja efnið og platan er ekki einu sinni komin út,“ segir hún en faðir hennar, tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson, spáir plötunni Star-Crossed góðu gengi í Suður-Evrópu.**

**- hþt** / sjá síðu 30

Ræningjar réðust inn á heimili manns í Breiðholti og bundu hann og kefluðu:

## Haldið nauðugum í sex klukkutíma

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í héraðsdómi, grunaðir um að hafa brotist inn á heimili manns í Breiðholtinu í Reykjavík þar sem þeir héldu honum nauðugum í sex klukkustundir á föstudag. Árásin virðist hafa verið tilefnislaus. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá þessu í gærkvöldi.

Mennirnir eru grunaðir um að hafa ráðist inn á heimili mannsins þar sem hann lá sofandi og bundið hann og keflað. Ekkert bendir til þess að árásarmennirnir og fórnarlambið séu á nokkurn hátt tengd.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni neyddu árásarmennirnir manninn til að millifæra háar fjárhæðir á bankareikninga sína. Þeir höfðu síðan á brott með sér verðmæti af heimili mannsins.

Lögregla hafði haft upp á öðrum árásarmanninum innan við klukkustund eftir að tilkynning barst um málið. Hinn var handtekinn sólarhring síðar.

Hinir meintu árásarmenn hafa báðir kært gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar, en annar var úrskurðaður í gæsluvarðhald á laugardag og hinn á sunnudag. **- bþh**


**Aspirin Actavis**
*– fæst án lyfseðils í apótekum*



actavis

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / Actavis 215020



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu




SIGRAR ÁSTIN ALLT?





## SPURNING DAGSINS



*Bjarni, er þetta ekki spennandi ferðamáti?*

„Jú, það er rafmögnuð spenna sem fylgir þessu.“

Bjarni Jakob Gíslason notar rafknúið reiðhjól við ferðalög í og úr vinnu, allan ársins hring. Rætt var við Bjarna í Fréttablaðinu í gær.

Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð yfir mönnum sem réðust í íbúð:

# Brutu upp hurð og neyddu í banka

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur síðan á föstudag um gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum sem grunaðir eru um innbrot, þvinganir og fjölmörg innbrot.

Lögregla hafði upp á mönnunum þegar þeir komu með þriðja manninn í útibú banka á höfuðborgarsvæðinu. Þar ætluðu þeir að neyða hann til að taka út peninga af reikningi í bankanum. Þeir höfðu sparkað upp hurðinni á heimili brotaþolans, ógnað honum með hamri og neytt hann út úr íbúðinni og í bankann.

Lögreglumennirnir voru á vettvangi að ræða við vitni þegar mennirnir komu að. Þeir eru grunaðir um fjölmörg innbrot í júní og það sem af er júlí.

Saksóknari fór fram á gæsluvarðhald yfir mönnunum vegna rannsóknarhagsmuna til föstudagsins 13. júlí. Málinu var skotið til Hæstaréttar af varnaraðila með þeim rökstuðningi að ekki hafi verið tekin formleg skýrsla af varnaraðila hjá lögreglu. Hæstiréttur hefur hins vegar staðfest úrskurð Héraðsdóms um gæsluvarðhald til klukkan 16 á morgun, miðvikudag.

- bþh

**Úr úrskurði Héraðsdóms**

„Samkvæmt skýrslum lögreglu hafi hurð íbúðarinnar verið sparkað upp og manni ógnað með hamri og hafi hann verið neyddur út úr íbúðinni og í útibú […] banka þar sem hann hafi tekið út peninga, en málið virðist tilkomið vegna peningaskuldar. Lögregla hafi verið stödd á vettvangi að ræða við vitni þegar kærði og meðkærði ásamt brotaþola hafi komið þar að. Hafi þeir verið handteknir í framhaldinu og færðir á lögreglustöð vegna rannsóknar málsins.“

Veiðbann út af Vesturlandi:

# Strandveiðar stöðvaðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Strandveiðar verða stöðvaðar á svæði A frá og með deginum í dag. Um er að ræða landið vestanvert og vestfjarðakjálkann, frá Snæfellsnesi til Súðavíkur. Á morgun verða veiðarnar stöðvaðar á svæði D sem nær yfir Suðurland og Suðvesturhornið, frá Hornafirði yfir Faxaflóann til Borgarness. Samkvæmt reglugerð um strandveiðar er landinu skipt í fjögur svæði. Svæðunum fjórum er svo úthlutað aflamark fyrir hvern mánuð í sumar, frá maí út ágúst.

- bþh

Jarðskjálftamælingar í júní:

# Rúmlega 1200 jarðskjálftar

**NÁTTÚRA** Rúmlega 1200 jarðskjálftar mældust í júní með mælakerfi Veðurstofunnar. Stærsti skjálftinn reyndist 3,7 að stærð og mældist í skjálftahrinu þrjátíu kílómetrum frá Kolbeinsey.

Aukin skjálftavirkni mældist í Mýrdalsjökli í júní, en þar urðu 360 jarðskjálftar og áttu 274 af þeim upptök innan Kötluöskjunnar.

Jarðskjálftavirkni innan öskjunnar jókst verulega eftir 7. júní og er talið að smáhlaup hafi komið úr Múlakvísl í kringum 11. júní. Stærsti skjálftinn á þessu svæði mældist rúmlega þrír að stærð.

- ktg





**ÞURRKAR** Þurrkar setja víða strik í reikninginn hjá bændum. Svona eru túnin á Þóroddsstöðum í Hrútafirði. MYND/GUNNAR ÞÓRARINSSON

# Þarf að fækka fé ef ekki vöknar í bráð

**Bændur í Hrútafirði eru uggandi vegna þurrka. Ef ekki rætist úr þarf að fækka fé, segir einn þeirra. Eftir svart útlit virðist ætla að rætast úr sprettu á Vestfjörðum. Undir Eyjafjöllum una bændur hins vegar glaðir við góða sprettu.**

**LANDBÚNAÐUR** Miklir þurrkar hafa haft veruleg áhrif á bændur víða um land. Gunnar Þórarinsson, bóndi á Þóroddsstöðum í Hrútafirði í Vestur-Húnavatnssýslu, segir að ef fram haldi sem horfir muni hann þurfa að fækka fé.

„Það er þannig ástatt að líklegast er einn fjórði partur af túninu allverulega brunninn og þar er nær engin uppskera,“ segir hann. „Á þeim stöðum sem eitthvað hey var að hafa var uppskeran ágæt en gæðin eru eflaust eitthvað slakari.“

Hann segir þetta þriðja sumarið í röð sem þurrkar setja strik í reikninginn en þó hafi það aldrei verið jafn slæmt og í ár. Hann var reyndar búinn að búa sig undir þurrkatíð, ásamt öðrum bændum, en þeir fjárfestu í sérstökum vökvunarbúnaði til að vera við sem flestu búnir. „En við fengum hann aðeins of seint, það var allt vatn búið þegar við fengum hann enda allir lækir hér uppþornaðir og lindirnar sem við höfum aðgang að duga engan veginn í þetta,“ segir hann. Hann vonast þó til að úr rætist fyrir seinni sláttinn. „En það er náttúrulega ekkert þægileg staða að þurfa að horfa til himins og vona að úr rætist svo ekki þurfi að fækka fé,“ bætir hann við en hann hefur um 450 ær.

> En það er náttúrlega ekkert þægileg staða að þurfa að horfa til himins og vona að úr rætist svo ekki þurfi að fækka fé.
>
> GUNNAR ÞÓRARINSSON BÓNDI

Húnvetningum til huggunar má geta þess að á Vestfjörðum virðast bændur hafa verið bænheyrðir en þar var útlitið verulega svart en svo hefur ræst úr að sögn Bjarna Hákonarsonar á Haga á Barðaströnd og Jóns Bjarnasonar í Hvestu í Arnarfirði. „Útlitið var verulega svart en svo rættist úr þessu þegar það rigndi hér í fjóra eða fimm daga,“ segir Jón sem er sæll eftir fyrri slátt. „Heyskapurinn tefst kannski um viku, tíu daga en það gerir ekkert til,“ bætir hann við.

Undir Eyjafjöllum hafa menn hins vegar ekki yfir neinu að kvarta. „Hér er spretta góð, kornið farið að skríða, hitinn yfirleitt um átján til tuttugu stig og sveitin fjölsótt af ferðamönnum svo að við höfum ekki yfir neinu að kvarta,“ segir Ólafur Eggertsson, bóndi og ferðamannafrömuður á Þorvaldseyri.

jse@frettabladid.is

**VEISTU UM DÆMI?**

Sendu okkur ábendingu á **meira@frettabladid.is**



**TF-LÍF** Eina þyrla Landhelgisgæslunnar sem sinnt getur slökkvistörfum.

Þyrla Landhelgisgæslunnar:

# Þyrlan flaug þrisvar í gær

**LANDHELGISGÆSLAN** Óskað var eftir aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar þrisvar í gær, tvisvar til að flytja slasaða eftir umferðarslys. Í fyrra skiptið flutti þyrlan slasaða frá Hólmavík til Reykjavíkur. Þar hafði orðið tveggja bíla árekstur um klukkan fimm.

Þegar þyrlan var að lenda við Landspítalann í Fossvogi barst annað kall um neyðarflutning. Fimm erlendir ferðamenn lentu í umferðaróhappi á Landvegi, móts við Búrfell í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli. Þyrlan lenti með slasaða um níuleytið í gærkvöldi.

Þá var óskað eftir aðstoð þyrlunnar til að berjast við sinuelda nærri Borgarnesi.

- bþh



**VODAFONE** Vodafone verður þriðja íslenska fyrirtækið sem skráð verður í Kauphöllina frá hruni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sömdu við Íslandsbanka:

# Vodafone senn skráð á markað

**VIÐSKIPTI Vodafone á Íslandi hefur samið við fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka um að vinna að undirbúningi skráningar Vodafone í Kauphöllina. Þá mun Íslandsbanki annast sölu á bréfum Framtakssjóðs Íslands í Vodafone en sjóðurinn er aðaleigandi fyrirtækisins í dag.**

**Í aðdraganda fyrirhugaðrar skráningar er ráðgert að halda almennt hlutafjárútboð þar sem fjárfestum og almenningi gefst kostur á að kaupa hluti í félaginu.**

**Stefnt er að skráningu Vodafone í Kauphöllina fyrir árslok 2012.**

- mþl

Vísað til erindis Hafnarfjarðar:

# Afnám orlofs húsmæðra rætt

**SVEITARSTJÓRNIR Samband íslenskra sveitarfélaga boðar til fundar í næsta mánuði til að ræða kosti þess og galla að afnema lög um húsmæðraorlof.**

**Í fundarboði sambandsins er vísað til erindis frá Hafnarfjarðarbæ um að sambandið og Alþingi beiti sér fyrir afnámi laganna. „Hafa umrædd lög um langt skeið sætt mikilli gagnrýni af hálfu sveitarstjórnarmanna,“ segir sambandið sem kveður erindi Hafnfirðinga í samræmi við sjónarmið sem borist hafi frá öðrum sveitarfélögum. Eru þar nefnd Garðabær, Hveragerði, Akranes og Mosfellsbær.**

- gar




Kanna á áhrif og umfang stangveiði sem metin er á 3,2 milljarða í Borgarbyggð:

# Eignarhald veiðijarða flyst úr héraði

**SVEITARSTJÓRNIR** Byggðaráð Borgarbyggðar hyggst láta kanna umfang og samfélagsleg áhrif stangveiða í sveitarfélaginu. Efnahagslegt virði laxveiðanna í Borgarbyggð er áætlað 3,2 milljarðar króna. Er þar tekið tillit til beinna, óbeinna og afleiddra áhrifa.

Að því er segir í fundargerð byggðaráðs kemur fram í lokaverkefni Önnu Steinsen til BS-gráðu í viðskiptafræði frá 2011 að laxveiði í Borgarbyggð var að meðaltali rúmlega fjórðungur af heildarlaxveiði af náttúrulegum stofnum á Íslandi á árunum 1974-2009. Fjórar af tíu fengsælustu laxveiðiám á Íslandi eru í sveitarfélaginu.

Eignarhald á veiðijörðum í Borgarbyggð hefur jafnt og þétt færst úr héraðinu. „Árið 2009 er 41 prósent af veiðijörðum í Borgarbyggð í eigu aðila með lögheimili utan sveitarfélagsins en árið 1990 var það hlutfall 27 prósent,“ segir í fundargerðinni.

Meðal annars á að kanna vannýtt sóknarfæri í stangveiði, hversu stór hluti starfa í beinum tengslum við stangveiði er unninn af heimamönnum og sömuleiðis hversu stór hluti af aðföngum og þjónustu er keyptur innan héraðs. Einnig möguleika á því að efla hlut sveitarfélagsins og íbúa þess í auðlindinni, svo sem með aukinni atvinnuþátttöku, verslun og þjónustu.

- gar



**LANGÁ** Ein margra laxveiðiáa í Borgarbyggð sem veltir miklum fjármunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

# 60 MILLJÓNIR*

## DREGNAR ÚT Í AÐALÚTDRÆTTI Í DAG!

FÁÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS FYRIR KL. 18




## Dreymir þig milljónir?

Í síðasta útdrætti vann maður **1 milljón** á miða sem hann hafði keypt skömmu fyrir útdráttinn. Það skemmtilega við þennan miða var það að manninn hafði dreymt tölurnar sem vinningurinn kom á. Passið ykkur að hvílast nóg, **heppnin gæti heimsótt draumana**.



Miðaeigendur styðja uppbygginguna Háskóla Íslands og tækjakaup til rannsókna- og vísindastarfs.

Fjárfesting í menntun og rannsóknum er forsenda þróttmikils samfélags, ...

... öflugs atvinnulífs og velferðar.

**ÞANNIG VINNUM VIÐ ÖLL**




## EINN MIÐI – TVEIR LEIKIR

**Milljónaveltan** verður svo á sínum stað seinna í mánuðinum. Nú stendur vinningurinn í **40 milljónum**. Auk þess drögum við alltaf út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

DRÖGUM 24. JÚLÍ

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL VINNINGS

PIPAR\TBWA • SÍA • 122030

**Fáðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.**

* Meðaltal vinninga í Aðalútdrætti er um 60 milljónir.

## GENGIÐ 09.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,97 | 128,59 |
| Sterlingspund | 198,27 | 199,23 |
| Evra | 157,47 | 158,35 |
| Dönsk króna | 21,167 | 21,291 |
| Norsk króna | 20,962 | 21,086 |
| Sænsk króna | 18,219 | 18,325 |
| Japanskt jen | 1,608 | 1,6174 |
| SDR | 192,46 | 193,6 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 219,9017

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjöldi barna hefur látist í kjölfar veikinda sem upp komu í Kambódíu:

# Orsökin líklega gin- og klaufaveiki

**KAMBÓDÍA, BLOOMBERG** Læknar telja líklegt að gin- og klaufaveiki sé valdur að miklum barnadauða í Kambódíu. Uppruni veikindanna liggur þó ekki endanlega fyrir. Veikindin eru sögð hafa dregið 57 börn til dauða á síðustu fjórum mánuðum. Flest hafa börnin verið á aldrinum tveggja til þriggja ára og aðeins eitt lifað sjúkdóminn af.

Meðal sjúkdómseinkenna eru hár hiti og öndunarerfiðleikar. Börnunum hrakaði skjótt og á seinni stigum veikinnar fengu þau heilabólgu og lungnablöðrur eyðilögðust. Stór hluti barnanna lét lífið innan sólarhrings eftir innlögn á spítala.

Hugsanlegt þykir að miklu fleiri en þessi 57 börn hafi smitast og í raun hafi faraldur brotist út. Flest börn hafi fengið væg einkenni en lítill hluti smitaðra ekki ráðið við veirusýkinguna.

Eitt afbrigði gin- og klaufaveiki hefur tilhneigingu til að ráðast á heilastofninn og getur það skýrt hversu erfiða fylgikvilla sum börnin hafa glímt við.

Gin- og klaufaveiki er algeng hjá ungum börnum og einkennin yfirleitt léttvæg. Í flestum tilfellum gengur veikin yfir á nokkrum dögum. Unnið er að frekari rannsóknum. **- ktg**



**KAMBÓDÍA** Kona bíður eftir að barnið hennar fái læknisskoðun á barnaspítalanum í Kuntha Bopha. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málið rannsakað á Selfossi:

# Grunuðum nauðgara sleppt

**LÖGREGLUMÁL** Manninum sem grunaður er um að hafa nauðgað konu á Bestu útihátíðinni hefur verið sleppt úr haldi lögreglu. Rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi fer með málið.

Nauðgunin var kærð aðfaranótt laugardags. Konan var flutt á Neyðarmóttöku fórnarlamba fyrir kynferðisafbrot í Reykjavík. Bæði brotaþoli og árásarmaðurinn eru á þrítugsaldri. Málið er enn í rannsókn og bíður lögregla eftir niðurstöðum úr rannsóknum og frekari gögnum. **- bþh**



**UNNIÐ ÚR HVÖNN** SagaPro er unnið úr ætihvönn. NORDICPHOTOS/GETTY

Náttúruvara úr ætihvönn:

# Minna þarf að pissa um nætur

**HEILBRIGÐISMÁL** Staðfest er að náttúruvaran SagaPro sem unnin er úr íslenskri ætihvönn virki vel við næturþvaglátum. Klínísk rannsókn sem gerð var á vörunni og birt í virtu læknatímariti sýnir fram á að varan eykur blöðrurýmd og dregur úr tíðni næturþvagláta. SagaMedica framleiðir vöruna.

Rannsókn á SagaPro var gerð á 69 karlmönnum með tiltekin einkenni í þvagfærakerfi. Einhverjir fengu lyfleysu og aðrir SagaPro. Rannsóknin sýndi fram á að karlar með góðkynja stækkun í blöðruhálskirtli geta notað vöruna til góðs. SagaPro inniheldur einnig blöðruslakandi efni.

Varan er nú þegar seld í yfir 200 verslunum vestanhafs og stefnt er að markaðssetningu í Evrópu. **- bþh**

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í frétt blaðsins í gær að Ingibjörg H. Bjarnason, fyrsta konan til að setjast á Alþingi, hafi verið gift. Þá skal áréttað að Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari gegndi jafnframt um tíma stöðu forseta Hæstaréttar, fyrst kvenna. Auk þess skal áréttað að Jóhanna Sigurðardóttir varð forsætisráðherra árið 2009.



**KOMUST INN Á FLUGHLAÐ** Mennirnir sem hugðust smygla sér með með vél Icelandair til Kaupmannahafnar klifruðu yfir girðingu og komust þannig upp í vélina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mál laumufarþega sagt mjög alvarlegt

**Isavia boðar yfirferð á öryggiseftirliti á Keflavíkurflugvelli eftir að tveir ungir hælisleitendur komust fram hjá gæslu og upp í flugvél Icelandair. Öryggiskerfið hafi þó virkað þar sem mennirnir fundust. Þeir hafi verið vel skipulagðir.**

**ÖRYGGISMÁL** Isavia mun yfirfara öryggiseftirlit sitt með starfsemi á Keflavíkurflugvelli eftir að tveir menn komust inn á flughlað og upp í vél Icelandair aðfaranótt sunnudags. Í tilkynningu frá Isavia segir að atvikið sé litið mjög alvarlegum augum.

Mennirnir tveir, sem eru ungir hælisleitendur og búsettir á gistiheimili í Reykjanesbæ, komust inn á svæðið með því að fara yfir girðingu og komust þaðan inn á flughlað og upp í flugvél Icelandair, sem var á leið til Kaupmannahafnar.

Í fyrrnefndri tilkynningu Isavia segir að „ekkert athugavert“ hafi komið í ljós við skoðun á verklagi öryggisstarfsmanna Isavia á þeim tíma er atvikið átti sér stað. Mennirnir tveir hafi „greinilega verið vel skipulagðir“.

„Öryggisdeild Isavia, sem fer með öryggis- og flugverndarmál á Keflavíkurflugvelli, starfar eftir mjög ströngu verklagi sem samþykkt er af Flugmálastjórn Íslands,“ segir þar.

Öryggiskerfið er sagt hafa virkað þar sem að áhöfn Icelandair hafi fylgt verklagsreglum og fundið mennina inni á salerni vélarinnar áður en hún fór í loftið.

Forsvarsmenn Icelandair vildu ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða í gær.

Ekki náðist í forstjóra Isavia, en Þórólfur Árnason stjórnarformaður sagði aðspurður um hvort öryggismál Isavia væru í góðum málum að lögregla væri að rannsaka málið.

„Við verðum að bíða og heyra hvað lögreglan hefur að segja,“ sagði Þórólfur.

Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar málið. thorgils@frettabladid.is

**ÞEKKIR ÞÚ TIL?**

Sendu okkur ábendingu á **meira@frettabladid.is**.

Fjármálaráðherra Finnlands:

# Evrusamstarfi mögulega hætt

**FINNLAND** Ummæli fjármálaráðherra Finnlands, Juttu Urpilainen, um að Finnland kæmi ekki til með að verja evruna hvað sem það kostaði hafa vakið talsverða athygli, að því er greint er frá á vef Hufvudstadsbladet. Urpilainen sagði í viðtali í síðustu viku að Finnland væri ekki reiðubúið að taka þátt í samstarfi um sameiginlega ábyrgð á skuldum.

Fyrir nokkrum vikum benti bandaríski fjármálavefurinn Marketwatch á að möguleg lausn á evrukreppunni væri útganga Finnlands úr evrusamstarfinu. **- ibs**



**Á NETINU** Nær allir Norðurlandabúar hafa nýtt sér netið, en tæpur fjórðungur í ESB-löndum aldrei.

Standa ESB-löndum framar:

# Norðurlöndin í sérflokki

**TÆKNI Norðurlöndin eru í sérflokki í Evrópu hvað varðar útbreiðslu háhraðatenginga. Þetta kemur fram á vef Póst- og fjarskiptastofnunar.**

**Háhraðatengingar hafa jafnan verið mun útbreiddari á Norðurlöndum en gengur og gerist í ESB-löndunum. Í fyrra voru þar 80 til 92% með aðgang að slíku en meðaltali í ESB er 67%. Þá er almenn netnotkun meiri á Norðurlöndum, þar sem milli fjögur og níu prósent íbúa hafa aldrei notað internetið, samanborið við 24% íbúa að meðaltali í ESB löndunum. - þj**




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**ALVÖRU SUMAR**

Veðrið breytist lítið í vikunni og er rétt að tala um alvöru sumarblíðu í öllum landshlutum. Hitinn hækkar um norðan- og austanvert landið á morgun og gæti náð víða yfir 15°C á fimmtudag og föstudag.



**Á MORGUN** Hæg breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR** Hægviðri.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 19° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 29° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 17° |
| París | 20° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



NÚ STYTTIST Í FLUTNING!
30 - 50% AFSLÁTTUR
HEIMA
HÚSIÐ
Ondregi
mood
lifum
GALLERY GÓLF
PARKET•FLÍSAR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.
Love

## KJÖRKASSINN



*Ferð þú á útihátíð í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 11,3% |
| NEI | 88,7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Fylgist þú með fréttum af erlendum atburðum?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Auka á hrefnuveiðar í ár og koma afurðunum á helstu sölustaði allan ársins hring:

# Í fyrra entust kjötbirgðirnar fram í janúar

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrafnreyður ehf. hefur uppi áform um að auka enn frekar hrefnuveiðar. Í fyrra voru veiddar um fimmtíu hrefnur en að sögn Gunnars Bergmanns Jónssonar framkvæmdastjóra er stefnt að því að veiða um áttatíu dýr í ár. Markmiðið er að neytendum standi hrefnukjöt til boða allan ársins hring.

„Við erum núna að safna kjöti og ætlum svo að þíða það á viku eða tveggja vikna fresti svo við getum sett marinerað hrefnukjöt á helstu sölustaði allan ársins hring,“ segir framkvæmdastjórinn. Hann segir að birgðir hafi aðeins enst fram í janúar í fyrra fyrir helstu sölustaði.

Aðeins hefur dregið úr vinsældum hrefnukjöts sem var til dæmis vinsælasti vöruliðurinn í grillmat hjá Kaupási í fyrra. Nú skipar hrefnukjötið þriðja sætið á þessum sölulista. Samtals er búið að selja um eitt og hálft tonn í verslunum Krónunnar en Kaupás rekur þær. Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir að þar sé hrefnukjötið ekki meðal þriggja efstu vöruliða en hafi þó selst sæmilega, eins og hann kemst að orði.

Guðmundur segist sáttur við þessar tölur. „Ef við erum á meðal þeirra efstu og sjáum þar með að hrefnukjötið er að festa sig í sessi á grillborði landsmanna þá erum við mjög sáttir. Þetta hefur selst vel þó við höfum ekkert auglýst.“ **- jse**



**VIÐ VINNSLU Á HEIMSTÍMINU** Það verður nóg að gera við veiðar og vinnslu en Hrafnreyður ætlar að auka framboð á hrefnu. MYND/GUNNAR BERGMANN



**ICELANDAIR** Flugfélagið sem flaug oftast frá Íslandi í júní er Icelandair og ber höfuð og herðar yfir keppinauta hvað það varðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Flugsamgöngur frá landinu:

## Icelandair flaug oftast frá Íslandi

**SAMGÖNGUR** Icelandair flaug allra flugfélaga mest frá Íslandi í júní. Flugfélagið stóð fyrir tæpum 70 prósentum allra utanlandsfluga frá landinu, eða tæplega tólf hundruð ferðum. Túristi.is hefur tekið saman upplýsingar um ferðir allra flugfélaga sem héðan flugu í júní.

Níu prósent þessara ferða voru með vélum merktum Iceland Express og sex prósent með vélum WOW air.

Fjölmörg erlend flugfélög fljúga hingað til lands í sumar. Meðal þeirra eru Airberlin og SAS sem samanlagt stóðu fyrir 6,5 prósentum allra fluga í júní. **- bþh**

### Hlutdeild flugfélaga

**Hlutfall af öllum flugferðum frá Íslandi í júní**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Icelandair | 68,5% |
| 2. | Iceland Express | 9% |
| 3. | WOW air | 6% |
| 4. | Airberlin | 3,5% |
| 5. | SAS | 3% |
| - | Önnur flugfélög | 10% |

HEIMILD: TÚRISTI.IS

EFNAHAGSMÁL

### Vöruskiptaafgangur minni

Afgangur af vöruskiptum við útlönd var rúmir 4,8 milljarðar króna í júní samkvæmt tölum sem Hagstofan hefur birt. Til samanburðar var 8,7 milljarða afgangur í júní í fyrra.

# Forsetinn og herinn takast á um völdin

**Hæstiréttur Egyptalands hefur hafnað tilskipun forsetans um að þingið komi aftur saman. Undirliggjandi er deila um nýja stjórnarskrá. Herforingjaráðið áminnti forsetann um að stofnanir ríkisins þyrftu að fylgja tilskipunum þess.**

**KAÍRÓ, AP** Hæstiréttur Egyptalands gerði að engu í gær tilskipun forsetans, Mohammeds Morsi, um að þingið kæmi aftur saman. Hæstiréttur hafði úrskurðað þingið ólöglegt, þar sem ágallar hefðu verið á kosningunum. Forsetinn tilkynnti hins vegar á sunnudag að þingið kæmi saman á ný.

Ljóst er að ólíkar fylkingar takast á í æðstu stjórnarstofnum Egyptalands. Herinn hefur verið lengi verið ein öflugasta valdastofnun landsins og allir fjórir forsetar lýðveldisins, á undan Morsi, komu úr röðum hans. Eftir byltinguna í Egyptalandi í fyrra var boðað til þingkosninga.

Tveir þriðju hlutar egypska þingsins eru kosnir af flokkslistum en einn þriðji einstaklingskjöri. Hæstiréttur úrskurðaði í síðasta mánuði að ólöglegt hefði verið að frambjóðendur stjórnmálaflokka hefðu boðið sig fram í einstaklingskjöri.

Undirliggjandi er valdabarátta í landinu, en öflugasti flokkur landsins er harðlínuflokkurinn Bræðralag múslima.

Tilkynning Morsi, um endurkomu þingsins, kom nokkuð á óvart og var litið á hana sem leik í valdatafli hans við herinn. Með henni hafi hann viljað styrkja sig í sessi sem forseta, en landinu er í raun stjórnað eftir tilskipunum hersins.

Morsi tilkynnti einnig um að kosið yrði að nýju til þings innan 60 daga frá því að ný stjórnarskrá tæki gildi, en ekki er búist við að hún verði tilbúin fyrr en seint á þessu ári.



**AUÐUR SALUR** Hermenn stóðu vörð um þinghúsið í gær, en ekki kom til átaka. Fylgjendur forsetans sýndu stuðning sinn á götum úti og ástandið er eldfimt í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Hvað gerist nú?

Bræðralag múslíma hefur varað við annarri byltingu ætli herinn sér að halda völdum. Morsi er fyrsti lýðræðislega kjörni forseti landsins og staða hans er því nokkuð sterk, en Morsi var frambjóðandi Bræðralagsins. Hann sigraði síðasta forsætisráðherra Mubaraks, Ahmed Shafiq, naumlega í júní. Herinn hefur hins vegar úrskurði æðsta dómstóls landsins sín megin og þann mátt sem vopn hans boða að auki.

Hvorugur aðilinn virðist vilja að deilan magnist svo líklegt er að reynt verði að leysa hana friðsamlega. Forsetinn og æðstu herforingjar sátu hlið við hlið á útskrift úr herskóla í gær.

Herinn stóð vörð um þinghúsið í gær, en ekki voru allir þingmenn sáttir við ákvörðun forsetans. „Hvernig getum við komið saman þvert á úrskurð Hæstaréttar?“ sagði Imad Gad, frjálslyndur þingmaður. „Við verðum að halda lög og stofnanir ríkisins í heiðri.“

**kolbeinn@frettabladid.is**

Morðingjar halda forræðinu:

## Vilja lagabreytingu eftir morð

**SVÍÞJÓÐ** Umboðsmaður barna í Svíþjóð og ráðherra fjölskyldumála vilja breyta lögum svo að foreldri sem myrt hefur hitt foreldri barna sinna missi forræði yfir þeim.

Kallað er eftir breytingunni í kjölfar þess að faðir þriggja og sex ára gamalla stúlkna, sem í febrúar horfðu upp á hann myrða móður þeirra, gat lagt stein í götu þess að þær fengju áfallahjálp og aðra þjónustu, í krafti forræðis síns. Hann samþykkti fyrir viku að þær fengju sérstakan forráðamann. **- ibs**



**GRINDAVÍK** Grindavík er hið eina af 28 stærstu sveitarfélögum landsins sem er svo til skuldlaust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Betri staða en í fyrra:

## 13 sveitarfélög skulda of mikið

**EFNAHAGSMÁL** **Fjárhagsstaða íslenskra sveitarfélaga batnaði á árinu 2011. Meðalhagnaður 28 stærstu sveitarfélaga fyrir afskriftir jókst milli ára úr 13,9 prósentum í 15,7 prósent, sem hlutfall af rekstrartekjum. Fjallað var um málið fyrir helgi í markaðspunktum greiningardeildar Arion banka.**

**Í nýjum sveitarstjórnarlögum kemur fram að heildarskuldir samstæðu sveitarfélaga megi ekki vera yfir 150 prósentum af reglulegum tekjum. Í markaðspunktunum kemur fram að þrettán af 28 stærstu sveitarfélögum landsins skuldi meira en sem nemur 150 prósenta viðmiðinu og þurfi því að grípa til frekari aðhaldsaðgerða.** **- mþl**


Farðu áhyggjulaus í fríið

láttu okkur vakta heimilið



Fáðu tilboð í Heimaöryggi á **oryggi.is** eða í **síma 570 2400**

ÖRYGGI VELFERÐ

Góð ráð frá Trausta á facebook.com/oryggi

PIPAR\TBWA • SÍA • 121855

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN


GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
NÚ STYTTIST Í FLUTNING!
20 - 50% AFSLÁTTUR
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
HEIMA HÚSIÐ
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 - www.heimahusid.is. Opið alla virka daga 10 -18.




Leyfðu þér London

London Stansted og Gatwick, verð frá:

15.700 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.

12 TÍMA TILBOÐ frá hádegi til miðnættis




Opnaðu fyrir Edinborg

verð frá:

16.700 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.

Iceland Express – lækkar verð

FÍTON / SÍA

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is


Kofi Annan fundaði með Bashar al-Assad Sýrlandsforseta í Damaskus í gær:

# Assad ánægður með friðaráætlun

**SÝRLAND** Kofi Annan, sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna, og Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, sögðu að loknum fundi sínum í Damaskus í gær að viðræður þeirra hefðu verið uppbyggjandi, að því er greint var á vef sænska ríkisútvarpsins.

Um liðna helgi sagði Annan í viðtali við franskt dagblað að friðaráætlun hans væri búin að vera. Assad sagði aftur á móti í viðtali við þýska sjónvarpsstöð á sunnudag að svo væri ekki, áætlun Annans væri góð. Hins vegar væru til lönd sem ekki vildu að hún heppnaðist. Assad sakar Bandaríkin um að koma á ójafnvægi í Sýrlandi með pólitískum stuðningi við stjórnarandstöðuna. Hann sakar einnig Sádi-Arabíu, Tyrkland og Katar um að styðja stjórnarandstæðinga.



**Í DAMASKUS** Kofi Annan og Bashar al-Assad ræðast við. NORDICPHOTOS/AFP

Að loknum fundinum í gær virtist sem Annan ætlaði að gefa áætluninni enn eitt tækifærið. Frá Damaskus hélt hann til Írans þar sem hann hugðist ræða við ráðamenn um ástandið í Sýrlandi.

Samtímis bárust þær fregnir frá Rússlandi að stjórnvöld ætluðu ekki að svo stöddu að afhenda Sýrlendingum herflugvélarnar fjörutíu sem undirritað var samkomulag um í lok síðasta árs. Það samkomulag hefur sætt harðri gagnrýni.

Um helgina biðu að minnsta kosti eitt hundrað manns bana í átökum í Sýrlandi. - ibs

# Bann við vörubílum í þjóðgarði gagnrýnt

**Sveitarstjóri segir lokun á vörubíla á Þingvöllum bagalega. Vegurinn er ekki hannaður fyrir svo þunga bíla segir Vegagerðin sem þó lokar ekki fyrir stórar rútur: „Það verður að vera einhver skynsemi,“ útskýrir upplýsingafulltrúinn.**

**UMFERÐ** Sveitarfélög fyrir austan fjall eru ósátt við nýjar takmarkanir á vöruflutningum um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

„Þetta heftir alla umferð til og frá Vesturlandi og höfuðborginni,“ segir Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps sem krefst þess að takmarkanirnar verði felldar úr gildi þar til umsögn sveitarstjórna á svæðinu hefur verið aflað eins og lög geri ráð fyrir.

Vegagerðin bannaði 8. júní síðastliðinn umferð vöruflutningabíla yfir átta tonnum um þjóðgarðinn og einnig allra ökutækja með vatnsspillandi og hættulegan farm. Umferð hópferðabíla er þó áfram leyfð, óháð þyngd.

„Það er ekki eins og það séu hundrað flutningabílar á dag. Við erum að tala um einn og einn,“ segir Ingibjörg sem kveður mikið óhagræði af þessu fyrir verktaka í sveitunum í kring. Sömuleiðis fyrir verktaka í Borgarfirði sem vilja stytta sér leið yfir Uxahryggi á kvöldin og nóttunni yfir sumartímann.

Þá bendir Ingibjörg á að varla sé betra að beina þessari umferð um Grafning því vegurinn þar sé illa farinn og beri slíka þungaflutninga alls ekkert betur en vegurinn um þjóðgarðinn.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að við byggingu Lyngdalsheiðarvegar hafi verið nefnt að til slíkra takmarkana gæti komið. Umferð flutningabíla um þjóðgarðinn hafi aukist eftir að vegurinn kom.

„Vegurinn í þjóðgarðinum er ekki hannaður fyrir slíka þungaumferð,“ segir G. Pétur sem kveður takmarkanirnar einnig settar á að ósk þjóðgarðsvarðar og þeirra sem hafi með þjóðgarðinn að gera. „Þar að auki er hann á heimsminjaskránni og menn hafa ekki viljað taka óþarfa áhættu með því að fara með spilliefni þar í gegn.“



**ÞINGVELLIR** Vegagerðin og stjórn þjóðgarðsins vilja vernda friðlandið fyrir vaxandi þungaflutningum en sveitarstjórnir á svæðinu telja of langt gengið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Það er ekki eins og það séu hundrað flutningabílar á dag. Við erum að tala um einn og einn.
>
> **INGIBJÖRG HARÐARDÓTTIR,** SVEITARSTJÓRI GRÍMSNESS- OG GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg segir vekja undrun að hvaða rúta sem er, hversu þung sem hún er, megi keyra um þjóðgarðinn þegar venjulegum flutningabílum sé bannað að fara þar um. G. Pétur segir að það séu ekki einstaka bílar sem skipti öllu máli fyrir álagið á veginn heldur líka heildarmagn umferðarinnar. „Það verður að vera einhver skynsemi í því sem menn eru að gera. Þjóðgarðurinn er náttúrulega viðkomustaður ferðamanna. Þess vegna er sú leið farin að heimila þeim að fara en ekki vöruflutningunum.“

Ingibjörg kveðst skilja að menn vilji ekki risastóra flutningabíla og flutninga með eldsneyti um þjóðgarðinn en telur of langt gengið. „Til hvers var verið að eyða fleiri hundruð milljónum í að búa til Lyngdalsheiðarveg ef svo má ekki keyra þetta?“ segir sveitarstjórinn.

gar@frettabladid.is

**HVER ÞREMILLINN!** Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

## Ruslið hleðst upp við Frakkastíg

Það er ófögur sjón sem blasir við vegfarendum sem ganga niður Frakkastíginn neðan við Hverfisgötu í Reykjavík. Þar er autt svæði sem ber merki mikils hirðuleysis.

Sami aðilinn á þarna nokkrar samliggjandi lóðir og er skikinn í hálfgerði biðstöðu. Ráðast á í miklar framkvæmdir og uppbyggingu á reitnum á næstunni.

„Þetta er í leigu hjá samtökunum Veraldarvinum og þetta fólk er búið að lofa okkur í tvo mánuði að taka dótið sitt, en svíkur það alveg jafnóðum,“ segir Pétur Björnsson, stjórnarformaður Hverfils, sem er skráður eigandi að lóðinni.

„Hins vegar er þetta okkar lóð og þetta verður ekki svona til langframa,“ segir Pétur.

Forsvarsmaður Veraldarvina, Þórarinn Ívarsson, segir ábyrgðina liggja hjá verktakanum.

„Við höfum þrifið óhemju mikið þarna í kring í gegnum tíðina, en þarna er fullt af drasli sem tengist yfirvofandi framkvæmdum og það er ekki á okkar ábyrgð,“ segir Þórarinn.

„Við höfum verið í miklum hreinsunarstörfum hérna við Hverfisgötuna á undanförnum árum og getum alveg hreinsað þetta líka,“ segir Þórarinn.

Hann ætlar að senda menn í hreinsunarleiðangur á svæðið í dag. - ktg



**ÓREIÐA** Verktakinn hefur sett grindverk fyrir lóðina svo erfitt hefur verið fyrir sorphreinsunarfólk að athafna sig á svæðinu. Haugur af svörtum ruslapokum ber þess skýr merki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Komdu í Kauptún og veldu þér betri notaðan bíl




**Toyota Land Cruiser 200**
4500 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn 96.000 km
Verð: 9.990.000 Raðnr.: 998549




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 05.11 Ekinn: 26.000 km
Verð: 9.390.000 Raðnr.: 998260




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 02.07 Ekinn: 83.000 km
Verð: 5.950.000 kr. Raðnr.: 998598




**Toyota Hilux**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 12.10 Ekinn 57.000 km
Verð: 6.290.000 Raðnr.: 998526




**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 62.000 km
Verð: 4.890.000 Raðnr.: 998589




**Lexus CT-200 EXE HYBRID**
1800 Bensín/Rafmagn, sjálfsk.
Á götuna: 03.11 Ekinn: 7.000 km
Verð: 4.890.000 kr. Raðnr.: 998601




**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 Bensín, 5 gíra
Á götuna: 07.10 Ekinn: 21.000 km
Verð: 4.300.000 kr. Raðnr.: 998331




**Toyota Avensis S/D Sol**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 07/09 Ekinn: 94.000 km
Verð: 2.970.000 kr. Raðnr. 998562




**Toyota Corolla S/D Sol**
1400 Dísil, 5 Gíra MM
Á götuna: 06.09 Ekinn 53.000 km
Verð: 2.700.000 Raðnr.: 110550




**Toyota Auris Terra**
1330 Bensín, 6 Gíra
Á götuna: 06.10 Ekinn: 52.000 km
Verð: 2.390.000 Raðnr.: 998485




**Toyota Corolla S/D Luxury**
1600 Bensín, 5 Gíra MM
Á götuna:06.09 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.920.000 kr. Raðnr.: 998495




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn 58.000 km
Verð: 4.340.000 Raðnr.: 998412




**Toyota Auris Sol**
1400 Dísil, 6 Gíra MM
Á götuna: 02.11 Ekinn: 17.000 km
Verð: 3.770.000 Raðnr.: 110787




**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn: 42.000 km
Verð: 4.060.000 kr. Raðnr.: 998269




**Toyota Verso Terra**
1600 Bensín, 6 Gíra
Á götuna: 06.10 Ekinn: 46.000 km
Verð: 3.150.000 kr. Raðnr.: 998492




**Toyota Corolla S/D Sol**
1600 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 04/11 Ekinn: 51.000 km
Verð: 3.150.000 kr. Raðnr. 998281

*Farðu á **www.toyotakauptuni.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Sími: 570-5070
Opið mán-fös kl. 07.45-18.00
info@toyota.is

**Betri** notaðir bílar **TOYOTA**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað er gert ráð fyrir að Reykvíkingum muni hafa fjölgað mikið frá því sem nú er árið 2030?*

**2.** *Hvað heitir bardagakappinn íslenski sem samið hefur við UFC-bardagasambandið?*

**3.** *Hvað er langt um liðið síðan kona tók í fyrsta sinn sæti á Alþingi?*

**SVÖRIN**

*1. Um tuttugu og fimm þúsund hið minnsta. 2. Gunnar Nelson. 3. Níutíu ár.*

Fólk með frjókornaofnæmi er hvatt til að kynna sér mælingar:

# Magn frjókorna í lofti birt daglega

**HEILBRIGÐISMÁL** Á vef Náttúrufræðistofnunar má nú nálgast upplýsingar um magn frjókorna í lofti á hverjum virkum degi. Birtar eru tölur frá mælingastöð í Urriðaholti í Garðabæ.

„Ég held að þetta sé mjög gagnlegt, ef sjúklingurinn lítur yfir sveiflur á ákveðnum stað síðustu daga og vikur getur hann dregið vissar ályktanir út frá því. En það þarf að huga að veðurfari líka, til dæmis ef það er rigning, þá eru voða fá frjókorn,“ segir Davíð Gíslason ofnæmislæknir. Hann segist hvetja fólk með ofnæmi til að kynna sér vel veður og frjótölur áður en það leggur af stað í útilegu eða ferðalög. Aðstæður á staðnum skipti einnig miklu máli.

„Það er til dæmis gott að tjalda þar sem stendur af hafi og tjalda þá niðri við sjó. Svo er mikilvægt ef fólk ætlar að vera í tjaldi að vel sé slegið í kring.“

Davíð varar þó við því að fólk dragi ályktanir um útlönd út frá frjótölum á Íslandi. „Ég minni oft fólk á að kanna hvernig frjótíminn er á staðnum sem það er að fara á, því frjótíminn þar er annar en hér á Íslandi.“ **- ktg**



**TJALDSVÆÐI** Vissara er fyrir ofnæmissjúka að kynna sér vel aðstæður áður en haldið er í ferðalag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Knattspyrna í Noregi:

# Mafía á bak við keypt úrslit

**NOREGUR** Glæpamenn með tengsl við Svíþjóð og Balkanskaga eru taldir standa á bak við svindl í fótboltaleikjum í Noregi, að því er segir á fréttavef VG.

Stjórn norska knattspyrnusambandsins telur að um nokkra leiki kunni að vera að ræða. Sambandið aflýsti á sunnudag leik í annarri deild vegna gruns um fyrirfram ákveðin úrslit.

Til stendur að funda með þeim félögum og leikmönnum sem grunur leikur á að eigi aðild að málinu. **- ibs**

**REYKHOLT**

### Presturinn rífur útihús

Séra Geir Waage hefur fengið heimild Borgarbyggðar til að rífa eldri hluta útihúsanna í Reykholti. Er þar um að ræða fjárhús og hlöðu frá fjórða áratug 20. aldar. Kirkja hefur staðið í Reykholti frá því á 11. öld, en frá því snemma á 12. öld hefur verið þar staður og kirkjumiðstöð.

**FASTEIGNAMARKAÐUR**

### Hægist á húsnæðismarkaði

Alls 92 kaupsamningar voru þinglýstir á höfuðborgarsvæðinu vikuna 29. júní til 5. júlí. Heildarvelta á húsnæðismarkaði var 2.745 milljónir króna sem er nokkru minna en síðustu vikur sem hafa verið fjörlegar á markaðnum. Vikuleg meðalvelta það sem af er árinu hefur verið 2.930 milljónir.

# Ferðamenn fyrirferðarmiklir í símkerfunum

**Símnotkun á Íslandi tekur greinilegan kipp á sumarmánuðum þegar erlendum ferðamönnum fjölgar til muna á Íslandi. Ferðamönnum sem fara um Leifsstöð hefur fjölgað um ríflega fimmtung frá árinu í fyrra sem þó var metár.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Sú mikla aukning á fjölda ferðamanna sem orðið hefur hér á landi síðustu tvö ár hefur haft áhrif víðar í hagkerfinu en hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Eitt dæmi um áhrifin er fjölgun á notendum símkerfa símafyrirtækjanna yfir sumarmánuðina.

Greint var frá því nýverið að sennilega hefðu aldrei jafn margir ferðamenn verið í Reykjavík á einum degi og hinn 18. júní síðastliðinn. Þann dag lögðu fjögur skemmtiferðaskip að bryggju við höfnina en samanlagður fjöldi farþega í skipunum var 6.500 manns.

Þennan skyndilega topp í fjölda ferðamanna á Íslandi má glögglega sjá séu skoðaður tölur yfir fjölda erlendra notenda innlendra símkerfa. Á línuritinu hér til hliðar sést þróun á fjölda erlendra ferðamanna sem tengst hafa símkerfi Vodafone í júní. Hinn 18. júní voru þannig 33% fleiri erlendir farsímar í dreifikerfi Vodafone en á sama degi í fyrra.

Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone, segir símnotkun gefa glögga mynd af því sem um er að vera í samfélaginu. „Við sjáum oft skýr merki í símnotkun. Við samdrátt í efnahagslífinu minnkar notkun og þegar vindurinn kemur aftur í seglin sést það. Þegar landsliðið í handbolta er að spila eða þegar Eurovision er í gangi þá sjáum við það líka,“ segir Hrannar og bætir við að fjöldi notenda símkerfis Vodafone aukist yfir sumarmánuðina vegna ferðamanna.

Hrannar segir langflesta ferðamenn sem hingað koma nota innlend símkerfi. „Flestir einfaldlega kveikja á símanum sínum þegar þeir koma til landsins og nota hann inni á því símkerfi sem þeir tengjast sjálfkrafa en stór hópur kaupir líka íslensk númer til að nota á meðan á dvölinni stendur.“

Hrannar segir símkerfin ráða að fullu við aukið álag. „Það er alls ekki þannig að þetta kalli á aðgerðir, það eru miklu heldur einhverjir sértækir viðburðir sem reyna á kerfin, til dæmis Menningarnótt eða Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum,“ segir Hrannar.

Loks segir Hrannar ferðamannastrauminn hafa jákvæð áhrif á rekstur Vodafone. Það gefi auga leið að hundruð þúsunda notenda sem skráist inn á innlend símkerfi yfir árið, til viðbótar við þá sem búa á Íslandi, séu búbót fyrir símafyrirtækin.

Frá áramótum til og með maí hafa 170.560 erlendir ferðamenn farið frá landinu um Leifsstöð sem er 20,7% aukning frá árinu áður.

magnusl@frettabladid.is



**ERLENDIR FERÐAMENN** Frá áramótum til og með maí hafa ríflega 170 þúsund erlendir ferðamenn farið frá landinu um Leifsstöð. Hefur þeim fjölgað um fimmtung frá árinu á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Stuðlað að verndun, stýringu og skipulagi landslags með undirritun samnings:

# Undirrita Landslagssamning Evrópu

**UMHVERFI** Ísland hefur undirritað Landslagssamning Evrópu, en fullgilding þess samnings er á meðal markmiða í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2009. Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra í Frakklandi, undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd.

Markmið samningsins er að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags og koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. Í samningnum er að finna almenn ákvæði um fjögur meginatriði, að því er fram kemur í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu:

- Að veita landslagi ákveðinn sess í lögum og viðurkenna mikilvægi þess í umhverfi landsins.
- Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess.
- Að tryggja aðkomu almennings og fleiri að mótun stefnu um landslag.
- Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem um byggðaþróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.

„Með þátttöku í Landslagssamningi Evrópu er staðfestur vilji stjórnvalda til að stuðla að landslagsvernd og að taka ákveðin skref í þá átt í samræmi við leiðbeiningar samningsins. Þá getur Ísland nýtt sér vinnu sem þegar hefur farið fram í tengslum við samninginn í öðrum ríkum Evrópu,“ segir á heimasíðu umhverfisráðuneytisins. **- kóp**



**HJÁLPARFOSS** Samkvæmt samningnum þarf að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem varðandi félags- og efnahagsmál. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Gámasala á garðvörum

**LÆKKAÐ VERÐ Á GARÐHÚSGÖGNUM**



Borð 80x125cm **5.990,-**
Stólar kr. **1,190,-** hvítir
Vatnskanna **890,-**
Glös kr. **125,-** ýmsir litir
Græn plast salatskál **299,-**
Diskur m/hjálmi **790,-**



Vega stólar **2.390,-**
Borð samanbrjótanlegt með ál fótum 70x115cm **8.990,-** nokkrir litir.
Glös 6 stk **890,-**
Salatskál **465,-**
Diskur með hjálmi **790,-**
Nestisbox, oval **1.290,-**

Þrýstiúðabrúsi 5 lítrar WZ-6004
**1.590,-**

Þrýstiúðabrúsi 1 liter WZ-4001
**495,-**

Slöngutengjasett með úðara WZ-9304
**395,-**

208 3ja arma garðúðari
**325,-**

Slöngusamtengi
**98,-**
(mikið úrval tengja)

Slöngutengjasett með úðabyssu Q308
**590,-**

WZ-9019 Greinaklippur
**1.490,-**

WZ-9006 Greinaklippur
**690,-**

WZ-9008 Hekk klippur 8"
**1.690,-**

5 lítra bensínbrúsi
**695,-**
einnig til 10 lítra kr **995,-**

**1.890,-**

**1.250,-**

Öflugar hjólbörur 90 lítra
**7.490,-**

MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM

Garðverkfæra hirsla 52x32x20 cm
**1.390,-**

Slönguhjól 1/2" f/45 metra
**1.590,-**

Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra
**2.490,-**

Garðverkfærasett
**430,-**

Laufhrífa
**690,-**

Mako sterkir ruslapokar 120 lítrar 10stk
**390,-**

Garðkarfa 65L
**1,990,-**

PAR blómapottur 60 cm
**460,-**
án bakka

Malarhrífa verð frá
**1.390,-**

Garðkanna 5 L
**695,-**

Leirpottur ø18 cm H15 cm
**120,-**
Diskur **70,-**
(stærðir 18-52 cm)

Plastpottur ø26 cm H22 cm
**330,-**
Diskur **130,-**

Plastpottur ø20 cm
**225,-**

Garðkarfa 25L
**990,-**

1/2" slanga 15 metra með byssu og tengjum
**1.390,-**

Plastpottur ø25 cm H20 cm
**370,-**
Diskur **120,-**



MIKIÐ ÚRVAL AF RISAPOTTUM

GAS GRILL
4 brennarar
14 kw/h. (12.000Btu)
Kveikja í stillihnapp
– hitamælir
Grillgrind er postulíns-húðuð. 43x37 cm
Hitaplata er postulíns-húðuð. 43x39 cm
Þrýstijafnari og slanga fylgir.

**37.900,-**



Jarðvegspokar 60 L
**1.090,-**

Grænmetisyfirbreiðsla
**715,-**

Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
**1.290,-**

Strákústur 30cm breiður
**695,-**

12 lítra fata
**298,-**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

**FRÉTTASKÝRING:** Samkeppni um Ingólfstorg og Kvosina





**GÖTUMYNDIR** Á efri myndinni má sjá hvernig vestasti hluti Austurstrætis liti út eftir breytingar, og á þeirri neðri er Ingólfstorg.

## Byggingarfulltrúinn ósáttur

Ekki eru allir á eitt sáttir um vinningstillöguna. Björn Stefán Hallsson, arkitekt og byggingarfulltrúinn í Reykjavík, er einn þeirra sem er óánægður. Hann segir gömlu húsin í miðborginni einstök og sérstök menningarverðmæti. „Gera þarf eins mikið úr tilvist þeirra og framast er kostur þannig að þeirra verði notið sem best í borgarumhverfinu. Þetta felst ekki í tillögum sem valdar hafa verið til verðlauna í samkeppninni um Ingólfstorg,“ sagði hann í grein í Fréttablaðinu á dögunum.

Hann nefndi mörg atriði sem hann er óánægður með. „Tillagan gerir ráð fyrir að byggja við Landsímahúsið að gangstéttarbrún gagnstætt húsunum með 4 til 5 hæða stórbyggingu og í byggingarstíl sem er afar framandi fyrir umhverfið í heild. […] Upp við þak Nasa norðanvert og að Hótel Vík er gert ráð fyrir nýbyggingu álíka hárri Landsímahúsinu. Nasa er samkvæmt því þvingað inn í kverk á milli nýbyggingarinnar og brunagafls Landsímahúss og smágert húsið borið ofurliði stórbygginga.“ Þá segir hann nýbyggingu milli Hótel Víkur og Aðalstrætis bera þau hús ofurliði sökum stærðar og hlutfalla. Framlenging á Vallarstræti sé jafnframt dæmd til að vera dimmt sund í skugga hárra bygginga.

## Ekki búið að bjarga Nasa

Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður er hluti af BIN-hópnum – Björgum Ingólfstorgi og Nasa, sem mótmælir fyrirhuguðum breytingum og setur í dag af stað undirskriftasöfnun og heimasíðu vegna málsins á slóðinni ekkihotel.is. Hann segir hópinn hafa fundað reglulega frá árinu 2009. „Þá mótmæltum við hugmyndum um að færa gömlu timburhúsin til á torginu, framar inn á Ingólfstorg. Mótmælin urðu til þess að hætt var við þessar framkvæmdir á sínum tíma. Þessar nýju tillögur eru helmingi verri,“ segir hann. Hann segir bestu lausnina á málinu vera að Alþingi kaupi Landsímahúsið og reki sem skrifstofur Alþingis. „Ég veit að það er viðkvæmt að Alþingi sé eitthvað að fara að skipta sér af málum Reykjavíkurborgar, en ég vona og bið að þetta verði lausnin. Eins og ásýnd hússins verður frá Austurvelli þá verða þrír ólíkir byggingarstílar sem eru til móts við völl. Þessar framkvæmdir valda líka rosalegu rask þar.“



Páll Óskar hefur barist hart gegn lokun Nasa og segir ekki búið að bjarga staðnum þrátt fyrir fréttir um að húsið standi. „Þetta verður ráðstefnu- og veislusalur eins og á Hilton Nordica, kannski einstaka árshátíðir eða brúðkaupsveislur haldnar þarna inn á milli, en þeim lýkur þá alltaf klukkan eitt til að styggja ekki hótelgesti. Ég er búinn að troða upp í meira en tuttugu ár og alltaf skal sagan endurtaka sig – það er reynt að halda tónleika eða skemmtanir í veislusölum hótela, en alltaf endar það eins, tónleikarnir lúffa. Hótelrekstur og tónleikahald fer ekki saman. Ég hef ekkert á móti hótelum og það er frábært að túrismi sé að aukast á Íslandi, en hótel plús tónleikahús er eitur í mínum beinum.“



**FYRIRHUGUÐ UPPBYGGING** Rauðu byggingarnar eru nýjar og sýna breytingarnar samkvæmt verðlaunatillögunni.

# Miðbærinn breytist

**Ingólfstorg og Kvosin eru viðkvæmir staðir í borginni og fjölmargir hafa skoðun á því hvernig uppbyggingu þar skuli háttað. Nú hefur verið tilkynnt um sigurvegara í samkeppni sem ráðist var í af Reykjavíkurborg og eiganda hússins. Fréttablaðið kynnti sér tillöguna.**

Samkvæmt verðlaunatillögu ASK arkitekta, eftir þá Þorstein Helgason og Gunnar Örn Sigurðsson, halda gömlu húsin á reitnum sér en talsvert er byggt í kringum þau. Gunnar segir að þeir hafi reynt að hlusta á allar raddir sem heyrst hafi um málefnið. „Við tökum hótelið og setjum það að mestu leyti inn í byggingar sem eru þarna fyrir, en byggjum aðeins við það. Þetta eru um 150 herbergi, sem er meðalstórt hótel. Svo var að leysa þetta með hefðina fyrir skemmtistað, sem er greinilega vilji margra borgarbúa,“ segir hann. Hann segir eðlilegt að umræður skapist um málið, en menn verði að vanda sig í umræðunni.

Dómnefndin sem valdi tillöguna segir í umsögn að um metnaðarfulla tillögu sé að ræða sem taki tillit til sögu Kvosarinnar en sýni um leið áhugaverða þróunarmöguleika. „Hún sýnir markvissa uppbyggingu án niðurrifs eða tilfærslu á gömlum húsum.“

### Hótel í Landsímahúsið

Samkvæmt tilögunni mun Landsímahúsið verða að hóteli auk þess sem nýbygging mun rísa fyrir framan það og snúa að Kirkjustræti. Þar verður aðalinngangur hótelsins en einnig verður hægt að komast þar inn frá Austurvelli og Víkurgarði. Gert er ráð fyrir því að opið rými verði á jarðhæðinni og veitingastaður geti nýtt útisvæði á Austurvelli. Þá verður byggð ein hæð ofan á hluta hótelsins.

### Nasa haldi sér

Aðalstræti 7 sem einnig er kallað frændahúsið, Vallarstræti 4 sem einnig er kallað Hótel Vík og Thorvaldsenstræti 2, Sjálfstæðishúsið, halda sér í tillögunni. Byggð verður nýbygging á milli Vallarstrætis og Aðalstrætis. Húsið fyrir aftan Sjálfstæðishúsið, sem nú hýsir Nasa, verður rifið en byggt upp á ný. Salurinn verður látinn líkjast þeim sem nú er á Nasa og samkvæmt tillögunni kemur til greina að nota einhverjar af sömu innréttingunum. Nýja húsið verður hins vegar grafið meira niður en nú er og byggt verður ofan á það. Í tillögunni er gert ráð fyrir að áfram verði hægt að nota salinn fyrir tónleika- og skemmtanahald. Gunnar segir að til standi að salurinn verði hljóðeinangraður og þannig verði hægt að samnýta rekstur.

### Ingólfstorgi breytt talsvert

Þá er gert ráð fyrir því í vinningstillögunni að skipulagi við Ingólfstorg verði breytt. Austurstræti og Aðalstræti eru látin tengjast á ný og nýbyggingar byggðar á milli Vallarstrætis og Austurstrætis, inni á því sem nú er Ingólfstorg. Torgið minnkar því talsvert þeim megin en í staðinn er gert ráð fyrir því að hús í hinum enda torgsins, við Hafnarstræti, verði fjarlægð. Lokað verður fyrir bílaumferð um Hafnarstræti og Veltusund.

Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, hefur sagt þennan hluta tillögunnar hvað róttækastan. Það tengist ekki hóteluppbyggingunni og nýbygging á torginu þarfnist frekari útfærslu og almennrar umræðu.

### Tillögurnar ekki lokaorðið

Í umsögn dómnefndar er bent á að einn helsti veikleiki tillögunnar sé sú hlið hótelsins sem snúi að Kirkjustræti, en hún þarfnist endurskoðunar. „Sama gildir um þá hlið hótelsins sem snýr að Víkurgarði og aðkomu að hótelinu þaðan. […] Einnig þarf að huga betur að ásýnd nýbyggingar frá Austurvelli.“



**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is

MYNDAVÉLATILBOÐ

Panasonic
ideas for life




Panasonic DMCGF3C

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

ADOBE LIGHTROOM 3 AÐ VERÐMÆTI 20.000 FYLGIR.

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# ÓDÝRUSTU FRÖNSKURNAR Í BÓNUS




279 kr.
1 kg

BÓNUS

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Áform um þéttingu byggðar vestan Elliðaáa:

## Þéttari byggð, betri borg

Næstu átján árin vantar 14.500 nýjar íbúðir í Reykjavík, samkvæmt áætlunum borgaryfirvalda. Samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi borgarinnar, sem vonazt er til að taki gildi fyrir næsta vor, á að byggja langstærstan hluta, eða 12.200 íbúðir, vestan Elliðaáa og ekki reisa nein ný úthverfi, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta er tímabær stefnumörkun, en þó ekki algjörlega ný af nálinni. Svipuð stefna var í gildi í aðalskipulagi Reykjavíkur nýliðinn fyrsta áratug aldarinnar en henni var ekki framfylgt nema að afskaplega litlu leyti. Borgin hélt áfram að þenjast út til austurs og þéttist lítið. Reykjavík er áfram strjálbýl bílaborg með svefn-úthverfum sem bera hvorki eigin verzlunar- og þjónustustarfsemi né almennilegar almenningssamgöngur.

Stundum hafa menn reynt að útskýra hina dreifðu borg með því að nýir borgarbúar hafi verið í nánum tengslum við náttúruna og hafi áfram viljað hafa rúmt um sig í borginni. Nú virðist það vera að breytast; ný kynslóð borgarbúa hefur vaxið úr grasi og vill búa þar sem borgin er þéttust, í eldri og grónari hverfum. „Allar kannanir á markaði segja okkur að straumurinn liggi inn í borgina. Við sem borgaryfirvöld hljótum að svara því,“ segir Hjálmar Sveinsson, varaformaður skipulagsráðs Reykjavíkur, í Fréttablaðinu í gær.

Skýr hagkvæmnisrök eru fyrir því að þétta byggðina í borginni. Hjálmar bendir á að gatnakerfið sé orðið meira en 1.000 kílómetra langt og dýrt í rekstri eftir því. Með því að þétta byggðina í eldri hverfum er fjárfesting í gatna- og veitukerfum nýtt betur og almenningssamgöngur verða hagkvæmari. Hækkandi eldsneytisverð og áherzla margra á vistvænni samgönguhætti ýtir undir að borgin sé skipulögð þannig að auðveldara sé að ganga, hjóla eða taka strætó í vinnu eða skóla og einkabíllinn sé ekki konungur borgarskipulagsins.

Þéttari borg á líka að geta verið betri, skemmtilegri og mannlegri borg þar sem götulíf þrífst og íbúarnir geta sótt verzlun og þjónustu í eigin hverfi.

Það er samt alls ekki einfalt verkefni að þétta byggðina. Framkvæmdir við nýja íbúðabyggð inni í eldri hverfunum eru oft flóknari og dýrari en nýbyggingar á jaðri borgarinnar, meðal annars vegna þess að lóðir eru dýrari og taka þarf tillit til þeirrar byggðar sem fyrir er. Fólkið sem fyrir er í grónu hverfunum er oft alls ekki hrifið af meiri þéttingu byggðarinnar og þá hefur það reynzt umtalsverð áskorun fyrir arkitekta að fella nýbyggingar að einkennum og svip eldri hverfanna. Stefnunni um þéttingu byggðar þarf að fylgja stefna um hvernig byggt er af virðingu fyrir því sem fyrir er.

Meðal annars vegna kostnaðar og fyrirhafnar hefur tilhneiging verktaka verið sú að byggja fyrst og fremst „lúxusíbúðir“ eða íbúðir fyrir eldri borgara í grónum hverfum. Eigi þétting byggðarinnar að skila tilætluðum árangri og svara eftirspurn fólks á öllum aldri og með mismunandi efni eftir húsnæði, þurfa stjórnvöld að styðja við verktaka sem vilja líka byggja ódýrar íbúðir fyrir ungt fjölskyldufólk til kaups eða leigu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

FERÐAFÉLAG BARNANNA

Grasaferð og galdralækningar

Á morgun, miðvikudag 11. júlí, kl. 17:00

Ferðafélag barnanna býður í galdra- og grasalækningaferð á morgun, miðvikudaginn 11. júlí. Leitað verður að blómum og jurtum til að setja í salat, búa til lækningasmyrsl og svalarseið. Grasalæknir er með í för. Munið eftir plöntuhandbók, nesti og ílátum til að tína í.

Mæting á bílastæðinu við Rauðhóla í Heiðmörk, kl. 17:00. Gert er ráð fyrir að ferðin taki um 2 klst.

Sjá nánar á heimasíðu Ferðafélags barnanna: **www.allirut.is**



Þátttaka er ókeypis – allir velkomnir

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt samkvæmt plani

Tveir hælisleitendur komust inn í flugvél Icelandair og földu sig á klósettinu. Þar fundust þeir við hefðbundna skoðun áhafnar áður en farið var á loft. Fyrirtækið Isavia sér um öryggissvæðið sem flugvélin stóð á og hefur nú gefið út tilkynningu um að öryggiskerfið hafi virkað. Þetta er athyglisvert. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að menn geti valsað inn og út um flugvélarnar áður en þær taka á loft og ef áhöfnin finnur vesalingsmennina og fimm tíma seinkun verður á flugi, hafi kerfið virkað. Vissulega stóð flugáhöfnin undir sínu og fór eftir því sem henni var fyrirlagt. Það kemur Isavia þó lítið við. Þarna var um örvæntingarfulla flóttamenn í leit að betra lífi að ræða. Hvað ef einhverjir aðrir hefðu verið á ferð, sem farið hefðu í eftirlitslausa vélina, skilið eitthvað eftir og haldið á braut áður en áhöfnin kom. Hefði Isavia líka sagt kerfið virka þá?



### Dýr skráning

Háskóli Íslands hækkaði skráningargjöld sín í ár og kostar nú 60 þúsund að skrá sig. Það er dýr skráning og ekki örgrannt um að sá grunur læðist að manni að þarna sé einfaldlega um skólagjöld að ræða, en hlutirnir séu fegraðir með öðrum heitum. Háskólastofnun ætti kannski að ganga á undan með góðu fordæmi og kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



## Glæsilegt landsmót í Reykjavík

Ferðaþjónusta



Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi

Landsmót hestamanna var haldið í Reykjavík 25. júní til 1. júlí, og var aðstandendum sem og þátttakendum til mikils sóma. Með velheppnuðu móti hefur höfuðborgin sannað gildi sitt sem frábær landsmótsstaður enda voru aðstæður á Fákssvæðinu í Víðidal eins og best verður á kosið.

Landsmót hefur mikla þýðingu fyrir hestaíþróttina og félagsstarf hestamanna. Hestafólk á öllum aldri fær eitthvað við sitt hæfi hvort sem það starfar við fagið eða stundar hestamennsku sér til gamans. Ásamt því að vera skemmtilegur fjölskylduviðburður er mótið líka mikil mannlífsupplifun enda koma þátttakendur hvaðanæva að af landinu.

Landsmótið var haldið af Landssambandi hestamanna og Bændasamtökunum í góðu samstarfi við Hestamannafélagið Fák og Reykjavíkurborg. Í október 2009 lýsti borgarráð yfir stuðningi við umsókn Fáks og í ársbyrjun 2010 var ákveðið að landsmótið yrði haldið í Reykjavík. Mótið ber upp á níutíu ára afmælisári Fáks og má með sanni segja að afmælisveislan hafi staðið í viku.

Þar sem Landsmótið er alþjóðlegt stórmót eru miklar kröfur gerðar til aðbúnaðar og umgjarðar. Víðidalur er sannkölluð útivistarperla og gott starf hefur verið unnið við að fegra dalinn og bæta aðstöðu þar til hestamennsku og annarrar útiveru.

Talið er að nú séu um 220 þúsund íslenskir hestar til í heiminum og þar af eru um 140 þúsund erlendis. Íslenski hesturinn er því vinsæll sendiherra, sem ber hróður landsins víða. Í ljósi þess þarf engan að undra að Landsmót er einn stærsti viðburður ársins í ferðaþjónustu á Íslandi. Þúsundir útlendra gesta komu á landsmótið og luku margir lofsorði á framkvæmd þess. Ástæða er til að skoða möguleika á frekari eflingu ferðaþjónustu í tengslum við hestamennsku og þar gæti Fákssvæðið í Víðidal gegnt mikilvægu hlutverki. Til dæmis mætti skoða hvort ekki væri hægt að fjölga þar viðburðum og mótum og nota afl ferðaþjónustunnar til að markaðssetja þá erlendis. Í ljósi nýrrar hótelspár fyrir Reykjavík má jafnframt skoða hug aðila í ferðaþjónustu til þess að reisa hótel í nágrenni við Fákssvæðið og aðra frábæra útivistarkosti á þeim slóðum; t.d. sund, stangveiði og skíði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Atvinnuvegafjárfesting tekur vel við sér

Efnahagsmál

Steingrímur J. Sigfússon
efnahags- og viðskiptaráðherra






Nú er spáð heldur meiri hagvexti á yfirstandandi ári en í fyrri spám. Sker Ísland sig nokkuð úr í þessum efnum þar sem horfur hafa farið jafnt og þétt batnandi hér og spár um hagvöxt fara hækkandi. Öðru er því miður fyrir að fara víða. Í ár er reiknað með 2,8% hagvexti samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Hagstofunnar. Á árinu 2013 verður hagvöxtur 2,7% samkvæmt spánni. Einkaneysla og fjárfesting knýja vöxtinn áfram. Spá Hagstofunnar staðfestir enn þann viðsnúning sem orðinn er í hagkerfinu líkt og hinir ýmsu hagvísar hafa gefið til kynna að undanförnu.

Eins og áður gerir Hagstofan í sinni þjóðhagsspá fyrst og fremst ráð fyrir fjárfestingarverkefnum sem þegar hafa verið ákveðin eða teljast mjög líkleg. Fréttir síðustu vikna bera hins vegar með sér að ýmis fleiri verkefni eru á teikniborðinu og gætu orðið að veruleika á næstu árum. Ef af þeim verður munu þau leiða til hærra fjárfestingarstigs og meiri hagvaxtar. Það gæti því reynst mikilvægt að viðbótarverkefni raðist skynsamlega upp og dreifist yfir tíma svo ekki skapist hætta á þensluástandi á allra næstu árum.

### Þrjár tegundir fjárfestingar

Tæpast verður lengur deilt um efnahagsbatann, jafn augljós og hann er orðinn á mörgum sviðum. Eftir sem áður heyrist oft að fjárfestingarstigið sé of lágt og atvinnuvegafjárfestingin í sögulegu lágmarki. En er atvinnuvegafjárfesting í raun eins lág og margir vilja vera láta? Til að átta sig á þessu er rétt að skipta fjárfestingu upp í þrennt líkt og Hagstofan gerir:

(I) *Atvinnuvegafjárfesting*
(II) *Íbúðarfjárfesting*
(III) *Fjárfesting hins opinbera*

Eins og við var að búast minnkaði íbúðafjárfesting hratt eftir hrunið. Það var dæmt til að gerast þar sem bóla hafði myndast eftir óeðlilega miklar byggingar mörg ár í röð. Íbúðafjárfesting er enn lág og undir meðaltali síðustu ára og verður væntanlega nokkurn tíma að komast aftur á jafnvægisstig þó svo hún sé farin að aukast á ný. Fjárfesting hins opinbera minnkaði einnig mikið eftir hrunið enda gaf staða ríkissjóðs enga möguleika á öðru. Það var því skynsamleg ráðstöfun að draga úr fjárfestingu hins opinbera strax eftir hrun. Hallinn á rekstri ríkisins og sveitarfélaga hefur minnkað og staðan batnað. Fjárfesting hins opinbera er þó enn undir meðaltali og verður væntanlega svo uns hin opinberu fjármál eru orðin fyllilega sjálfbær á ný.

### Fjárfesting atvinnuveganna eykst hratt

Atvinnuvegafjárfestingin er mikilvæg fyrir undirliggjandi verðmætasköpun í landinu. Þegar skoðað er meðaltal atvinnuvegafjárfestingar frá árinu 1990 sést að það var að meðaltali 12,2% af landsframleiðslu frá árinu 1990 til og með ársins 2012. Samkvæmt áætlun Hagstofunnar verður atvinnuvegafjárfesting tæplega 11% af landsframleiðslu árið 2012. Sem sagt, atvinnuvegafjárfestingin hefur hressilega tekið við sér og er nú þegar komin nærri meðaltalinu frá 1990 og yfir því sem hún var á tímabilinu 1990-1995 þegar langvinn stöðnun ríkti í efnahagslífinu. Þá var atvinnuvegafjárfesting einnig minni en nú árið 2002. Það stefnir því í að atvinnuvegafjárfestingin, sem jafnframt er einn mikilvægasti drifkraftur efnahagsþróunarinnar, verði komin yfir meðaltal síðustu tveggja áratuga strax á öðru til þriðja ári uppsveiflunnar. Það er gott veganesti inn í framtíðina.

# SagaPro – Náttúrumeðal eða della

Náttúrulyf

Reynir Eyjólfsson
lyfjafræðingur



Um mörg undanfarin ár hafa hérlendis verið á markaði SagaPro, s.k. fæðubótartöflur, sem sagðar eru innihalda 100 mg af jurtaefni úr völdu laufi ætihvannar. Á heimasíðu framleiðanda (www.sagamedica.is) er staðhæft að varan komi að gagni við tíðum þvaglátum. Einnig hafa birzt auglýsingar sama efnis í dagblöðum, sem einna helzt minna á staðhæfingar um lækningamátt snákaolíu í USA um aldamótin 1900. Töflurnar eru dýrar en lyfjatæknilega lélegar – sumar þeirra molna við það eitt að vera þrýst úr þynnupakkningunum.

Í hittiðfyrra auglýsti framleiðandinn eftir sjálfboðaliðum til þátttöku í klínískri rannsókn á virkni SagaPro og niðurstöðurnar hafa nýlega verið birtar. Samkvæmt þeim var enginn tölfræðilega marktækur munur á áhrifum SagaPro og lyfleysu (placebo). Meginniðurstaðan var að SagaPro hefði ekki skaðleg áhrif. Um þetta verður ekkert fullyrt hér – aðeins skal bent á að Practical Guide to Natural Medicines (APhA, 1999, bls. 37) nefnir að fúrókúmarínarnir í ætihvönn geti orsakað krabbamein og/eða hættulegar frumubreytingar í tilraunadýrum.

Mér er ljóst að umræða af þessu tagi er ekki vinsæl af framleiðendum svonefndra náttúrumeðala. Nærtækt dæmi er svokölluð kvöldvorrósarolía, sem á sínum tíma átti að vera allra meina bót en svo reyndist auðvitað ekki vera frekar en risaskammtar af C-vítamíni áttu að vera vörn gegn krabbameini í blöðruhálskirtli. Aðalforsvarsmaður þeirrar kenningar (Linus Pauling, nóbelsverðlaunahafi fyrir annað) dó samt einmitt úr þeim sjúkdómi.

> Ráðlegging mín til þeirra sem þjást af tíðum þvaglátum er þessi: Leitið læknis til að ganga úr skugga um hvað veldur.

Ráðlegging mín til þeirra sem þjást af tíðum þvaglátum er þessi: Leitið læknis til að ganga úr skugga um hvað veldur. Ef um góðkynja stækkun blöðruhálskirtilsins er að ræða er völ á mörgum lyfjum, sem eru með vísindalega sannaða virkni. Að mínum dómi er SagaPro ekkert annað en fáránleg della.





Blå Band bollasúpur - hrein snilld

Blå Band bollasúpurnar eru handhæg og bragðgóð næring sem gott er að grípa til. Þær innihalda ekkert MSG, engar transfitur og aðeins náttúruleg bragð- og litarefni. Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus.

BÓNUS HAGKAUP Blå Band

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**70 ORRI VIGFÚSSON**, athafnamaður og formaður Verndarsjóðs villtra laxa.

*„Ég hef alltaf sagt að það verði að standa þannig að þessu að allir græði – netaveiðimennirnir eiga líka að græða. Ef laxastofnarnir hverfa tapa allir.“*



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞURÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR**
**frá Hvammi, Eyjafjöllum,**

lést þann 6. júlí. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 12. júlí kl. 15.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Tryggvi Rafn Valdimarsson** **Sigrún Bjarnadóttir**
**Grímur Þór Valdimarsson** **Kristín Jónsdóttir**
**Úlfar Örn Valdimarsson** **Anna Svava Sverrisdóttir**
**Anna Sigríður Valdimarsdóttir** **Peter Rask Olsen**
**Einar Sigurjón Valdimarsson** **Áshildur Sveinsdóttir**



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN I. EYJÓLFSDÓTTIR**
**Gullsmára 7, Kópavogi,**

sem lést á heimili sínu fimmtudaginn 5. júlí, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 11. júlí kl. 13.00.

**Karl Gunnarsson**
**Ingólfur Karlsson** **Gerður Helga Jónsdóttir**
**Hulda Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**REBEKKA *STELLA* MAGNÚSDÓTTIR**
**Ljósheimum 12a,**

lést þann 28. júní sl. á Vistheimilinu Seljahlíð. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda,
**Ásgeir Sigurðsson**
**Magnús Sigurðsson**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**AÐALBJÖRG ODDGEIRSDÓTTIR**
**Sólvöllum 4,**
**áður til heimilis að Nýja-Kastala, Stokkseyri,**

lést laugardaginn 7. júlí sl. á Dvalarheimilinu Kumbaravogi á Stokkseyri.
Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju fimmtudaginn 19. júlí kl. 14.00.

**Guðrún Jónasdóttir** **Jens Arne Petersen**
**Ingibjörg Jónasdóttir**
**Bára Jónasdóttir** **Sæmundur Guðmundsson**
**Helga Jónasdóttir** **Elfar Guðni Þórðarson**
**Jenný Lára Jónasdóttir**
**Sigrún Anný Jónasdóttir** **Björgvin Þór Steinsson**
**Marta Bíbí Guðmundsdóttir**
**Geirný Ósk Geirsdóttir** **Erik Stöhle**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT ÓLÖF ÞORBERGSDÓTTIR**
**síðast til heimilis að Lækjasmára 2 í Kópavogi,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi sunnudaginn 1. júlí, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju kl. 13.00, fimmtudaginn 12. júlí.

**Þorbergur Karlsson** **Jónína A. Sanders**
**Valdimar Örn Karlsson** **Guðrún Valdís Guðmundsdóttir**
**Hafsteinn Karlsson** **Ebba Pálsdóttir**
**Sigríður Ingibjörg Karlsdóttir** **Ólafur Helgason**
**Gunnar Karlsson** **Ólöf Nordal**
**Arnþrúður Karlsdóttir** **Ólafur Kolbeinsson**
**Eva Björk Karlsdóttir** **Alfreð Örn Lilliendahl**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**FÆÐINGARORLOF** Berta ætlaði upphaflega að leigja bás í Kolaportinu en hefur nú stofnað nýjan flóamarkað sem opinn er á fimmtudögum og föstudögum. Hér er hún ásamt syni sínum Þórhalli Leó Hannessyni sem verður árs gamall í september. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

BERTA GUÐRÚN ÞÓRHALLADÓTTIR: STOFNAÐI FLÓAMARKAÐ Í FÆÐINGARORLOFI

## Nýr flóamarkaður fyrir fólk í fjársjóðsleit á virkum dögum

„Hér er fólk á öllum aldri að selja föt, barnaföt, tungu- og naflalokka og alls konar dót úr geymslunni,“ segir Berta Guðrún Þórhalladóttir, stofnandi flóamarkaðarins Múlatorgs. Markaðir með notaðan varning hafa sprottið upp víða um landið síðustu ár. Margir þeirra eru einungis opnir yfir eina helgi en sumir, eins og Kolaportið, hafa opið hverja helgi. Múlatorg er ólíkt fyrrgreindum mörkuðum opinn á virkum dögum, það er á fimmtudögum og föstudögum.

„Þetta er búið að vera rosa gaman og básarnir voru uppbókaðir í síðustu viku,“ segir Berta en markaðurinn hefur verið opinn að Fellsmúla 28 undanfarnar þrjár vikur við góðar undirtektir. Berta hugðist upphaflega leigja bás í Kolaportinu en fann ekki laust pláss sem hentaði. „Ég vissi að húsnæðið við hliðina á Góða hirðinum var laust og fékk þá hugmynd að nota það fyrir nýjan flóamarkað. Ég auglýsti á Barnalandi og fékk fullt af fólki með mér í lið. Þannig byrjaði boltinn að rúlla,“ segir hún og bætir við að góður andi ríki. „Ég seldi með fyrsta hópnum og við náðum öll mjög vel saman. Hér hjálpast allir að og þó einhver þurfi að skreppa fær hann bara aðilann í næsta bás til að selja fyrir sig.“

Berta hafði setið á hugmyndinni í nokkurn tíma en ákvað að hrinda henni í framkvæmd í fæðingarorlofinu sínu. „Ég þarf alltaf að hafa nóg fyrir stafni og get haft hann með mér í þessari vinnu,“ segir Berta, sem hefur haft tæplega eins árs son sinn með sér við framkvæmd verkefnisins.

Hún er undrandi yfir því hve margir eru lausir á virkum dögum. „Fólk er auðvitað í sumarfríi, sumir í vaktavinnu og aðrir eru kannski ekki með vinnu.“ Hún segir staðsetningu markaðarins spila stóran þátt í góðri aðsókn. „Það er alltaf röð fyrir utan Góða hirðinn klukkan tólf og síðan kíkir fólk við eftir að hafa heimsótt nytjamarkaðinn.“

Berta leigir básana fyrir lítinn pening og er vongóð um framhaldið. „Til að byrja með mun plássið vera ódýrt og kosta aðeins tvö þúsund krónur fyrir bás með borði og slá. Svo veit maður aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér en ég get vel séð fyrir mér að hafa lifandi hljómflutning, kaffiaðstöðu og jafnvel ákveðið þema í hverri viku.“ **hallfridur@frettabladid.is**

## Fánasmiðjan mun rísa upp úr öskunni

Fánasmiðjan á Ísafirði hefur tekið til starfa aftur eftir stórfellt tjón sem varð þar í eldsvoða 24. júní. Þá brann digitalprent- og tölvubúnaður fyrirtækisins en stór silkiprentvél slapp ásamt tilheyrandi búnaði. Eldurinn slokknaði af sjálfsdáðum vegna súrefnisskorts.

Búið er að flytja starfsemina niður um hæð í Norðurtangahúsinu, því þar reyndist vera laust pláss um tíma. „Silkiprentvélin hefur verið ræst að nýju, hún er sú eina sinnar tegundar á landinu. Fatamerkingar og aðrar merkingar verða komnar í gang eftir tvær vikur og svo verða nýir digitalprentarar komnir í gang eftir verslunarmannahelgi,“ segir Örn Smári Gíslason framkvæmdastjóri.

Örn segir stjórn fyrirtækisins hafa ákveðið að auka hlutafé og kaupa ný og fullkomnari tæki en áður voru í verksmiðjunni. Einnig að bæta við fleiri framleiðsluflokkum. Hann vonast til að starfsemin verði komin í fullan gang um áramótin á sama stað og hún var og segir tekið á móti pöntunum í allar prentanir og merkingar nú þegar, þótt afgreiðsla sumra pantana dragist eitthvað. „Ég vil koma á framfæri þakklæti til viðskiptavina okkar fyrir biðlundina sem þeir hafa sýnt okkur í þessum vandræðum,“ segir hann. **- gun**



**FÁNASMIÐJAN** Starfsemin hefur verið opnuð á 1. hæð til bráðabirgða.



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍN HANNESDÓTTIR**

lést aðfaranótt fimmtudagsins 5. júlí á Dvalarheimilinu Hlíð. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Einar Rafn Haraldsson** **Freyja Kristjánsdóttir**
**Hannes Haraldsson** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**Helga Björg Haraldsdóttir** **Hjörtur Haraldsson**
**og fjölskyldur þeirra.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTBJÖRG HRÓLFSDÓTTIR**
**Þjórsártúni,**

sem lést á Hrafnistu föstudaginn 29. júní, verður jarðsungin frá Selfosskirkju miðvikudaginn 11. júlí kl. 14.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
**Valgerður Ölvisdóttir** **Gunnar Snorrason**
**Lilja Ölvisdóttir** **Emil Kristófersson**
**Kristjana Ingibjörg Ölvisdóttir** **Jón Ármann Sigurðsson**
**Karl Ölvisson** **Jóhanna Hilmarsdóttir**
**Guðrún Gyða Ölvisdóttir** **Guðmundur Unnar Agnarsson**
**Hrólfur Ölvisson** **Irma Sjöfn Óskarsdóttir**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ALLIR ÚT!

**Það er auðvelt að uppfylla hreyfingarkvótann yfir sumartímann með því að reima á sig gönguskóna og halda út. Nýtið góða veðrið til gönguferða, hlaupa og hjólreiða. Farið í snú-snú, æfið handahlaup eða valhoppið á milli húsa.**



# TAKMARKINU NÁÐ

**BRÝTUR BLAÐ Í SÖGUNNI** *Eygló Ósk Gústafsdóttir er sautján ára afrekskona úr sundfélaginu Ægi sem mun keppa á Ólympíuleikunum í sumar.*

Menntaskólanemar nota margir hverjir sumarmánuði sína í vinnu og liggja svo í pottum sundlauga landsins þess á milli og sleikja sólina. Þetta er þó ekki raunin hjá hinni sautján ára Eygló Ósk Gústafsdóttur sem hefur æft sund síðan hún var fimm ára. Hún er fyrsta íslenska sundkonan sem nær A-keppnislágmarki á Ólympíuleikana og mun keppa á leikunum í London í sumar ásamt fríðu föruneyti íslenskra afreksmanna. Sundriðlarnir hefjast 28. júlí.

Eygló er nú stödd í Cannes í Frakklandi í æfingabúðum. „Þjálfarinn minn sér um æfingaplönin. Ég bara mæti og syndi,“ segir Eygló sem æfir tvisvar sinnum á dag fram að leikunum. Hún segist ekki velta sér mikið upp úr mataræðinu: „Ég reyni bara að borða eins mikið og hollt og ég get.“

Eygló hefur slegið hvert Íslandsmetið á fætur öðru og er afar ánægð með árangurinn. Fyrir utan það að ná Ólympíulágmarkinu segist hún vera stoltust af silfrinu sem hún fékk á Evrópumeistaramóti unglinga í Serbíu í fyrra.

En hvað hefur hún að segja við unga krakka sem dreymir um að skara fram úr í íþróttinni sinni? „Bara muna að æfa vel og trúa alltaf á sjálfan sig,“ segir Eygló og kveður til að drífa sig á næstu æfingu.

■ halla@365.is


**Mjúkur, einfaldur**



teg 59100 - fæst í BC skálum á kr. 5.500,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg



Íþróttabrjóstahaldarar
Verð: 9.950 kr.
Anita care

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Bikinisett
frá 6.800 kr.

Selena

Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

praxis
...þegar þú vilt þægindi



Boston
leður
svart, hvítt st. 35-48
rautt st. 36-42
blátt st. 36-47
Verð: 11.900 kr.

Roma
Rúskinn
lj.blátt d.blátt
36-42
Verð: 6.990 kr.

Monako
leður
svart, hvítt
rúskinn og
microfib.
st. 36-46
Verð: 7.990 kr.

Paris
leður
svart, hvítt,
blátt
m/microfib og
rúskinnssóla
st. 36-42
Verð: 10.900 kr.

Verona
svart, hvítt
st. 36-41
Verð: 8.600 kr.

Amsterdam
leður m/míkrófíber sóla
svart, hvítt
st. 36-42
Verð: 7.690 kr.

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað á laugardögum



Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bíta?




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá N1
www.gengurvel.is


## HUGIÐ AÐ SÝRUSTIGINU

**Súrir drykkir geta valdið glerungseyðingu.**

**TANNHEILSA** Sýrustig eða PH-gildi gosdrykkja og annarra drykkja getur valdið skemmdum á glerungi. Eftir því sem drykkurinn er súrari og ph-talan lægri þeim mun meiri hætta er á að hann skemmi glerung. Ef ph-gildið mælist undir 5,5 getur drykkurinn haft skaðleg áhrif. Flestir kolsýrðir drykkir eru undir þessum mörkum og því súrir. Ph-gildi hreins sódavatns er yfir 5,5. Sé það hins vegar bragðbætt með sítrónu um fellur það niður í 4,17.



*Heimild: Læknablaðið*



**SJÓR OG SÆLA** Hægt er að stunda íþróttina stóran hluta ársins hérlendis.
MYND/STYRMIR KÁRI

# BEÐIÐ EFTIR ÖLDUNNI

**ÆVINTÝRI** *Brimbrettaíþróttin nýtur sífellt meiri vinsælda á Íslandi. Hægt er að stunda hana hér stóran hluta ársins víðs vegar um landið. Sífellt fleiri erlendir ferðamenn ferðast til Íslands til að stunda íþróttina.*

Vafalaust tengja flestir Íslendingar brimbretti við fjarlægar og sólríkar strendur. Brimbrettaíþróttin hefur þó notið aukinna vinsælda hér á landi undanfarin ár þótt enn séu strendur landsins ekki fullar af brimbrettaköppum í löðrandi brimi.

Í Þorlákshöfn býður Iceland Activities upp á kennslu fyrir byrjendur í brimbrettanotkun. Úlfar Jón Andrésson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir Íslendinga vera mjög áhugasama um íþróttina. „Best er að við fáum fólk á öllum aldri á námskeið hjá okkur, ekki bara ungt fólk. Hingað hefur komið fólk um sextugt og í fyrra kom 72 ára kona frá Bandaríkjunum á námskeið. Enda þurfa þátttakendur ekki að vera í neinu sérstöku formi heldur bara sæmilega vel á sig komnir.“ Iceland Activities leggur áherslu á að bjóða kennslu í fámennum hópum og einblínir á góða og persónulega kennslu. Sjálfur segist hann hafa stundað íþróttina síðan árið 2006 þegar vinur hans kynnti brimbretti fyrir honum.

Það kemur mörgum á óvart að sögn Úlfars að Ísland bjóði upp á marga góða staði sem henta vel fyrir brimbrettaíþróttina. „Strandlengjan við Þorlákshöfn er mjög góð fyrir byrjendur. Það þarf þó að læra inn á veður- og ölduspána en það tekur skamman tíma.“

Brimbrettaíþróttin er ekki aðeins sumaríþrótt eins og margir halda sjálfsagt. Úlfar segir íþróttina vera stundaða árið um kring hérlendis. „Öldurnar eru oft betri á vorin og haustin en sjórinn er auðvitað heitastur yfir sumartímann. Við klæðumst þykkum göllum ofan í sjónum og því geta sumrin oft verið ansi heit. Því er ekkert verra að stunda íþróttina fram á vetur.“

Ísland hefur hingað til ekki verið þekktasti viðkomustaður brimbrettamanna en það gæti breyst á næstu árum. Úlfar segir sífellt fleiri ferðamenn koma til landsins til að stunda brimbrettaíþróttina. „Það er yfirleitt mest talað um Ástralíu, Indónesíu og vissa staði í Bandaríkjunum en á sama tíma erum við að fá rosalega góðar öldur að Íslandi. Einn af kostunum við Ísland er sá að þegar þú ert ofan í sjónum eru ekki margir aðrir í sjónum með þér, þú átt ölduna yfirleitt einn. En erlendis ertu að berjast við þrjátíu aðra um ölduna og einhver er örugglega betri en þú.“




OUTLET
SKÓR

aðeins 11.900 kr.



Herra skór
St. 41-46

aðeins 9.900 kr.



Herra skór
St. 41-47

aðeins 9.900 kr.



Tone Ups dömu skór
St. 36-41

aðeins 4.900 kr.



Stráka skór
St. 27-39

aðeins 4.900 kr.



Stelpu skór
St. 22-27

OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407






5000 kr.
dagur í Flash

- Kjólar
- „Leðurjakkar“
- Mussur
- Toppar
- Gallabuxur háar í mittið
- Rauðar og bláar buxur
- Og margt, margt fleira

Við erum á Facebook

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# MYNDAVÉLAR

## &LJÓSMYNDAVÖRUR

**Kynningarblað** Stafrænar myndir tapast auðveldlega, sími í stað myndavéla, framköllun öruggari.






# Varðveisla minninga

Hefðbundin framköllun og ýmis sérvinnsla er einkenni Framköllunarþjónustunnar í Borgarnesi.

Framköllunarþjónustan í Borgarnesi hefur þjónað íbúum á Vesturlandi í nær aldarfjórðung. Fyrirtækið veitir alla hefðbundna framköllunarþjónustu en hefur auk þess lagt áherslu á ýmiss konar hönnunarvinnu fyrir viðskiptavini sína. Svanur Steinarsson, framkvæmdastjóri, segir framköllunarþjónustu í dag vera mun fjölbreyttari en áður fyrr. „Hefðbundin framköllun hefur eðlilega minnkað mikið með tilkomu stafrænna ljósmyndavéla en ýmis sérvinnsla fyrir viðskiptavini spilar hins vegar stærri þátt en áður.“ Framköllunarþjónustan býður meðal annars upp á framköllun á striga og svokallaður MDF-plötur. Einnig eru passamyndatökur alltaf vinsælar. „Við framköllum einnig myndir á gler og ál. Þannig höfum við til dæmis sett ljósmyndir í rúður í anddyri á heimilum þar sem myndin sést beggja megin frá.“ Auk þess segir Svanur að framköllun á stafrænum ljósmyndum fari sífellt fjölgandi ár frá ári. „Pappír virðist vera öflugasta geymslan fyrir ljósmyndir. Mér finnst fólk almennt vera farið að átta sig á því að það þýðir ekki að geyma stafrænar myndir í 20-30 ár í tölvunni sinni. Þá er ansi hætt við því að myndir glatist. Við erum auðvitað að tala um mjög verðmætar minningar sem fólk vill eiga alla ævi.“ Séu stafrænar myndir ekki framkallaðar strax mælir Svanur með því að þær séu geymdar á einum til tveimur hörðum diskum en ekki á geisladiskum eða í heimatölvu.



Hefðbundin framköllun og ýmis sérþjónusta einkenna starfsemi Framköllunarþjónustunnar í Borgarnesi. MYND/ÚR EINKASAFNI

Þótt Framköllunarþjónustan sé staðsett í Borgarnesi þá sinnir hún mun stærra svæði. Fyrirtækið er með tíu móttökustaði, frá Akranesi út á Snæfellsnes og norður á Strandir. „Svo erum við náttúrulega farnir að þjóna öllu landinu gegnum vefinn okkar. Það er mikið að gera hjá okkur fyrir jólin og þá koma pantanir frá öllu landinu til okkar.“

Inni á vef Framköllunarþjónustunnar má finna allar upplýsingar um þjónustuframboð fyrirtækisins. Þar geta viðskiptavinir meðal annars hlaðið inn stafrænum ljósmyndum til framköllunar. „Nú þarf fólk ekki að hlaða niður þungum búnaði heima fyrir til að framkalla stafrænar myndir. Það er nóg að fylla út formið á síðunni og senda myndirnar inn. Þetta er jafneinfalt og að senda tölvupóst.“ Nánari upplýsingar má finna á framkollunarthjonustan.is.




# Stafræn gloppa

Heimildir í formi ljósmynda frá upphafsárum stafænu byltingarinnar, 1998 til 2002, verða líklega fáar sem engar í framtíðinni enda vissu menn í fyrstu ekki hvernig best væri að halda utan um og varðveita slíkar myndir.

Á tímum stafrænnar ljósmyndunar virðast allir viðburðir ljósmyndaðir í bak og fyrir af atvinnumönnum sem og leikmönnum. Engu að síður lítur út fyrir að heimildir í formi ljósmynda frá upphafsárum stafrænu byltingarinnar, 1998-2002, verði fáar sem engar í framtíðinni. Sigríður Kristín Birnudóttir, ljósmyndari hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, segir að í upphafi hafi menn ekki áttað sig á hvernig halda ætti utan um gögnin: „Margar skrár eru í lítilli upplausn, sumar hafa gleymst í gömlum tölvum og diskar hafa hrunið í stórum stíl. Eins hefur komið í ljós að geisladiskar eyðileggjast hraðar en menn áttu von á. Filmur er alltaf hægt að skanna aftur en stafræna skráin er horfin að eilífu ef eitthvað kemur fyrir hana. Hér eru filmur fram til 2002 en eftir það sýnist mér ekki vera neinar filmur.“



Grímsstaðir á Grímsstaðaholti. Karólína Magnúsdóttir leikur á fiðlu. Úr einkasafni Magnúsar Karls Péturssonar og Ingibjargar Magnadóttur. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Safnið

Safnið tekur við myndefni frá atvinnumönnum, dagblöðum og einkasöfnum, bæði albúmum og fjölskylduljósmyndum. Sigríður segir þó að Ljósmyndasafnið sé ekki farið að taka á móti stafrænu efni að neinu ráði. Gamalt efni er enn að berast til þeirra, helst úr dánarbúum og einnig filmuefni starfandi ljósmyndara sem hafa ekki lengur aðstöðu til að geyma það. „Við reynum að búa þannig um efnið að maður geti alltaf gengið að því vísu og heilu. En maður veit auðvitað aldrei hvað getur gerst,“ segir Sigríður og bætir við: „Markmið okkar er að allt okkar efni sé skráð, pakkað í sýrufríar umbúðir og varðveitt í geymslu. Í geymslunni eiga að vera kjöraðstæður fyrir filmuefni og jafnt hitaog rakastig.“

## Skráning er stöðug vinna

Það er stöðug vinna sem fer í að skrá og pakka og söfnin sem berast eru mjög mismunandi. Sumum hefur verið komið vel fyrir í upphafi og eru skráð en önnur eru handahófskenndari. „Atvinnuljósmyndarar héldu flestir skrá yfir þá sem komu í portrettmyndatöku. Þessar nafnaskrár eru aðgengilegar almenningi hjá okkur. Segjum að einhver hafi farið í fermingarmyndatöku árið 1952, þá er hægt að leita eftir nafni viðkomandi.“

Afkomendur ljósmyndara koma gjarnan með efni til safnsins en Sigríður segir jafnmikilvægt að varðveita myndir frá almenningi. „Okkur finnst myndirnar kannski ekki merkilegar í dag en eftir fimmtíu ár verða þær orðnar mikilvæg heimild um okkar daglega líf.“

Í mörgum tilfellum fylgja hvorki merkingar né skráningar með myndunum. Ljósmyndasafnið hefur svokallaða aðfangaskrá yfir slík söfn. „Þá er aðfanginu lýst; hver var eigandinn og hver kom með það og svo gerð stutt innihaldslýsing; hvað sést á myndinni. Öll þessi vinna er langhlaupsvinna. Þetta gerist á löngum tíma,“ útskýrir Sigríður.

## Hjálp frá almenningi

Ljósmyndasafnið heldur uppi Facebook-síðu og þar fær það oft hjálp frá almenningi við að skrá myndirnar. „Í síðustu viku sendum við út Ljósmynd vikunnar sem var tekin í Ingólfsstræti og þá fengum við ábendingu frá konu um að þetta væri mynd af móður hennar,“ segir Sigríður. „Þegar myndir fara í umferð fáum við oft upplýsingar.“



Mynd frá1955-1965. Kona fær klippingu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Höfundarréttur

Ljósmyndasafn Reykjavíkur gerir höfundarréttarsamninga við ljósmyndara. Handhafar höfundarréttar gera samning um að Ljósmyndasafnið fari með höfundarrétt fyrir þeirra hönd og höfundarréttargreiðslur skiptast jafnt á milli safnsins og handhafanna. Hlutur safnsins fer þá í rekstrarkostnað sem felst meðal annars í varðveislunni og húsaleigu.

# Lifandi ljósmyndavefur

Vefurinn ljosmyndakeppni.is er vefsamfélag fyrir áhugafólk um ljósmyndun með spjallborði, sölutorgi og fleiru. Stöðugt eru í gangi ljósmyndasamkeppnir þar sem notendur setja inn og kjósa bestu myndina hverju sinni. Stofnandi og ábyrgðarmaður er Sigurður Jónas Eggertsson tölvunarfræðingur.

„Ég hef gaman af ljósmyndun og vildi sameina áhugamálið og vinnuna og ákvað því að stofna netsamfélag utan um áhugamálið,“ segir Sigurður. Vefurinn var stofnaður árið 2004 og eru nokkur þúsund notendur skráðir þó mismargir séu virkir hverju sinni. Gefnar hafa verið út fimm bækur undir nafninu Ljósár, þar sem meðal annars má finna allt það besta úr ljósmyndakeppnunum. „Keppnirnar eru hugsaðar sem hvati fyrir fólk til að fara út og taka myndir sem það myndi annars ekki taka. Þess vegna erum við oft með eitt þema fyrir hverja keppni. Stundum eru farið í ljósmyndaferðir og á miðvikudögum hefur ákveðinn hópur fólks af vefnum komið saman á kaffi Babalú. Einnig hafa félagar á Akureyri verið að hittast. Það hafa orðið til nokkur pör út frá þessum hittingum, og allavega eitt barn. Ég tek þó enga ábyrgð á því,“ segir Sigurður og hlær. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér vefinn ættu að fara inn á slóðina www.ljosmyndakeppni.is. Þar er margt að skoða, bæði myndir og upplýsingar um allt sem tengist ljósmyndun og ljósmyndavélum.



Fegurð fuglana. Tekin af Bjarna Sæmundssyni sem sigraði í flokknum Mynd júní-mánaðar.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** **Elsa Jensdóttir** elsaj@365.is sími 512 5427
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

## MYNDAVÉLASÍMAR TAKA YFIR




**Seinustu ár** hefur sala á myndavélasímum aukist mikið. Myndavélarnar eru orðnar svo góðar að fólk hættir að kaupa stafrænar myndavélar. Það virðist ekki skipta máli hvort gæðin séu jafn góð og á stafrænu myndavélinni þar sem fólk getur verið með þetta allt í einu tæki. Alvöru ljósmyndaáhugamenn falla þó ekki fyrir þessari nýjung og halda enn áfram að kaupa hágæða ljósmyndavélar.

Ekki er nóg með að símarnir séu að taka myndavélarnar yfir heldur eru þeir einnig með myndbandsupptöku þar sem hægt er að taka upp í góðum gæðum. Snjallsímar bjóða upp á miklu meira heldur en stafræn myndavél. Til eru sérstök forrit þar sem hægt er að breyta og bæta myndir og myndbönd og deila þeim á netinu.

## DIANA VINSÆLUST



**Verslunin Hrím** á Laugavegi býður upp á úrval svokallaðara Lomography myndavéla og fylgihluta. Tinna Brá Baldvinsdóttir, eigandi verslunarinnar, segir myndavélarnar afar vinsælar hér á landi: „Fólk er mjög spennt fyrir þessum vélum. Myndavélarnar eru ódýrar og ólíkar svo margir kaupa sér fleiri en eina gerð.“ Hún segir tegundina Diana vera vinsælasta en hún býður upp á mestu möguleikana hvað aukahluti varðar. „Í Bretlandi er Lomo hálfgert samfélag. Þar er talað um hinar tíu gullnu reglur en ein þeirra er sú að vera alltaf með myndavélina á sér.“ Tinna tekur fram að filmurnar fáist einnig í versluninni og lítið mál sé að framkalla þær, enn séu nokkrir staðir sem framkalla og þá er hægt að fá filmurnar skannaðar á geisladisk í leiðinni.

Hrím er á Facebook en auk þess með heimasíðuna www.hrim.is þar sem skoða má úrval myndavéla og hönnunarvara.

## MYND ÁRSINS

**Blaðaljósmyndarafélag Íslands** heldur ár hvert sýningu fréttaljósmynda liðins árs. Sú sýning er fastur liður hjá félaginu. Um leið er keppni um myndir ársins. Daníel Rúnarsson ljósmyndari tók mynd síðasta árs að mati dómnefndar. Myndin var einnig valin Fréttamynd ársins.

Einungis þeir sem starfa sem fréttaljósmyndarar við dagblöð, tímarit og sjónvarp, lausamenn og sjálfstætt starfandi ljósmyndarar sem vinna við dagblöð, tímarit, netmiðla og sjónvarp eða aðra sambærilega útgáfu eru gjaldgengir á sýningu BLÍ svo framarlega sem þeir eru meðlimir í Blaðamannafélagi Íslands. Keppt er í eftirfarandi flokkum:



1 *Fréttamynd*
2 *Portrett ársins*
3 *Íþróttamynd*
4 *Myndaröð*
5 *Daglegt líf*
6 *Tímaritamynd*
7 *Umhverfismynd*

## Sjón er sögu ríkari

Ljósmyndavörur heitir eitt elsta starfandi ljósmyndafyrirtæki landsins, stofnað 1974. Í fyrra opnaði á heimasíðu þess öflugur framköllunarvefur sem býður einstök úrræði til framköllunar.

Bergur G. Gíslason, framkvæmdastjóri í Ljósmyndavörum, hefur starfað í faginu í tuttugu ár. „Í dag eiga flestir góðar myndavélar og menn verða fljótt snjallir ljósmyndarar með stafræna myndavél. Íslendingar eru því orðnir mun betri ljósmyndarar nú en fyrir tveimur áratugum og eiga í fórum sínum mýmörg listaverk sem með litlum tilkostnaði, vinnu og hugmyndaflugi er hægt að gera úr einstæða dýrgripi,“ segir Bergur. Hann bætir við að flestir geymi á harða diski tölvu sinnar stór ljósmyndasöfn sem aldrei hafa verið framkölluð.

„Því miður gerist svo reglulega að harðir diskar hrynja og með þeim myndir liðinna ára sem glatast að eilífu. Sum augnablik koma aldrei aftur, eins og breytilegt aldursskeið barna, ferðalög og sérstakir viðburðir lífsins. Því er aldrei nógu oft brýnt fyrir fólki að velja úr bestu myndirnar og setja sem fyrst í varanlegra form en tölvudisk.“

Á framköllunarvefnum er meðal annars hægt að setja myndir á ljósmyndapappír, , striga, bolla, púsluspil, dagatöl, bækur og boli og stækka þær upp. „Vefurinn er einfaldur í notkun og hægt að dunda sér við listaverkin í rólegheitunum heima. Eftir að fólk kynnist honum einu sinni kemur það aftur og aftur, bæði til þess að gera myndum sínum hátt undir höfði til heimilisnota eða til að skapa einstakar tækifærisgjafir handa öðrum,“ segir Bergur.

Ljósmyndavörur eru í Skipholti 31. Sjá www.ljosmyndavorur.is.






# Framköllun er nauðsynleg

Tilkoma stafrænna ljósmyndavéla hefur aukið gríðarlega magn ljósmynda í einkaeigu. Gott ráð er að koma upp ákveðnu verkferli við varðveislu þeirra.

Varðveisla stafrænna ljósmynda er mörgum hugleikin enda hafa flestir landsmenn skipt úr filmuvél yfir í stafræna myndavél undanfarin ár. Flestir taka margfalt fleiri ljósmyndir en áður og því er nauðsynlegt að skipuleggja vel varðveislu slíkra ljósmynda. Gunnar Marel Hinriksson, skjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Kópavogs, birti nýlega grein á vef Félags héraðsskjalavarða á Íslandi þar sem hann rekur helstu þætti sem þarf að hafa í huga við varðveislu stafrænna mynda. Hann segir að huga þurfi að ýmsu þegar ljósmyndir eru teknar og þegar ákvörðun er tekin um geymslu þeirra.

„Fæstar myndir sem við tökum enda í ramma uppi á vegg. Það er mikilvægt að velja reglulega úr myndum, sérstaklega ef teknar eru margar nánast eins myndir. Það skiptir líka miklu máli að fólk sé ekki að fylla hörðu diskana sína af allt of mörgum og um leið stórum myndum." Hann bendir á að góð regla sé að grisja sem fyrst og sem reglulegast úr myndaflórunni og venja sig á að gera það helst strax á vélinni að myndatöku lokinni. Að sama skapi verður að hafa notkun myndarinnar í huga þegar ákveðið er að geyma mynd. Myndir ætlaðar til útprentunar þurfa að vera stærri en til dæmis myndir sem eru eingöngu ætlaðar fyrir notkun á netinu.



„Algengustu mistökin sem fólk gerir er að eiga bara eitt eintak af myndunum," segir Gunnar Marel Hinriksson, skjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Kópavogs. MYND/PJETUR

Stafræna byltingin hefur eðlilega haft þær afleiðingar að miklu fleiri myndir eru teknar en áður. Gunnar mælir því með því að fólk láti framkalla bestu myndirnar enda sé það að hans mati öruggasta leiðin til að komast hjá úreldingu gagna. „Það er auk þess mun skemmtilegri athöfn að fletta í gegnum myndaalbúm og skoða myndir frekar en að skoða þær í tölvu þar sem einn í hópnum stýrir hraðanum með músinni." Þótt margir kjósi að framkalla bestu myndirnar eiga flestir mikið magn mynda á stafrænu formi heima hjá sér. Þá skiptir miklu máli að mati Gunnars að geyma myndirnar á tveimur stöðum, jafnvel með mismunandi aðferðum. „Algengustu mistökin sem fólk gerir er að eiga bara eitt eintak af myndunum. Ég hef heyrt margar hryllingssögur um flakkara sem duttu á gólfið og þar með hurfu allar minningarnar á einu bretti. Það er allt í lagi að missa myndaalbúmið í gólfið en lausir flakkarar geta verið í hættu ef rekist er í snúru."

## FILMUVÉLIN LIFIR ENN




**Gleymist seint** Í kringum aldamótin varð sprenging í stafrænum myndavélum. Í dag eru þær framleiddar í öllum stærðum og gerðum og gæðin hafa einnig orðið meiri og meiri. Á seinustu árum hafa þó filmuvélarnar komist aftur í tísku. Sala á Holgu- og Polaroid-myndavélum hefur aukist mikið á seinustu þremur árum. Einnota myndavélar hafa einnig notið meiri vinsælda. Ástæðan er líklegast sú að myndirnar koma skemmtilega út og eigandinn er knúinn til þess að framkalla myndirnar í stað þess að geyma þær í tölvunni.










Sólpallar, skjólgirðingar og öll almenn smíðavinna. Góð verð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

Hreinsa þakrennur, laga ryðbletti. Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

## Tölvur




## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**908 1888**
**Spásími Daddýar alla daga (frá 13-23).**

**250 kr. mín.**

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

**SÍMASPÁ - EINKATÍMAR**
Uppl. í s. 5543306/6630813 Elísabet.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.









Til sölu hús stærð 1,6x 3m. Er hannað sem söluhús, pylsuvagn, en getur verið garðhús eða hvað sem er. Tilboð. Uppl. S: 899 8651.




**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystikystur. Einnig ódýr reiðhjól, barnahjól, þríhjól og hlaupahjól. S. 896 8568.

Til sölu 2 nýyfirf. þvottav, svefnsófi og rúm. Uppl í s. 577 2577 milli kl 10 og 14 virka daga.

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Æðislegu þunnu peysurnar komnar aftur í öllum númerum. 9 litir. Flottar vörur frá frá EIK design. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Slökunarnudd/heilnudd, opið 9-17, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S:823 5669 eða 693 0348.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey. is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Beagle hvolpar undan vel ættuðum foreldrum eru að leita að góðum heimilum. Verða afhentir heilsufarsskoðaðir, bólusettir, örmerktir og með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í síma 663 2712

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Stórir og góðir. Maðkar til sölu. Uppl. í síma 691 1813.

**Silunganet Silunganet**

Flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

109 Rvk - Seljahverfi Gott herb. ,aðgangur að baðherb., ísskáp, o.fl. Snyrtileg aðstaða. Reglusemi áskilin. Uppl. 662 7457

Til leigu 2ja herb. íb. 44.6 m2, í bakhúsi neðarlega v/Laugaveg ibudlaus@gmail. com

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

2 herb. í miðbæ RVK. Húsgögn fylgja. Sameiginl. eldhús, bað og þvottaherb. í 4ja herb íbúð. V. 75 þ. s. 895 0482

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**

Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í vesturbæ kópavogs, ekki til íbúðar 30þús. á mánuði 22fm. s. 849 7209.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Málarar Athugið!**
**Óskum eftir málurum eða vönum mönnum í fullt starf. íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: „málari"**

Mótasmiðir óskast í uppmælingu á höfuðborgarsvæðinu. Umsóknir sendist á tm.vinna@gmail.com

**Bakarí**
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 06-13. Framtíðarvinna. Uppl. í s. 551 1531 eða 698 3870, Fyrir hádegi Ingunn, Björnsbakarí við Skúlagötu.

**MÓTTÖKU STARFSMAÐUR**
Ferðaþjónustufyrirtæki vantar starfsmann í 100% starf í móttöku út sumarið.Enskukunnátta, stundvísi og skipulagshæfni skilyrði. Umsóknir sendist á marketing@specialtours.is

## Viðskiptatækifæri

**Ert þú að leita að okkur?**
**Getur þú leitt hóp af fólki til sigurs?**
**Finnst þér gaman að ferðast?**
**Viltu vinna sjálfstætt og stjórna þinni framtíð?**
**Sendu póst á frelsi@hive með nafni og síma og við höfum samband strax.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




# KEYPT & SELT

## Til sölu



Til sölu nýr frystiklefi og búnaður ATB 202 (1.62 kw ,400V 3ph/ 50Hz. Stærð: 2100 x 1500 x 2000mm. Verð 1385.000.- m/vsk Uppl. info@senson. is Sími 511-1616.



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**




GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS



SAFT

# MUNDU AÐ EFNI SEM ÞÚ SETUR Á NETIÐ ER ÖLLUM OPIÐ, ALLTAF!

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

www.saft.is

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- *Úlfarsárdalur, aðkoma að íþróttasvæði Fram. Gata og bílastæði, útboð nr. 12771.*
- *Fylkir – Alútboð – Skyggni yfir áhorfendapalla, alútboð nr. 12866.*
- *Göngu- og hjólastígar 2012, Reykjavegur að Elliðaám, útboð nr. 12878.*
- *Salt til hálkueyðingar* í Reykjavík 2012-2013 EES útboð nr. 12887.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur

**Með vísan til 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010 , er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006.**

## Holtsgöng. Stofnbraut felld út. Aukið byggingarmagn á lóð Landspítala við Hringbraut.

Breytingartillagan er þríþætt. Í fyrsta lagi að fella út áform um stofnbraut (Holtsgöng) sem ætlað var að tengja Sæbraut við Hringbraut. Í öðru lagi að auka byggingarmagn á svæði Landspítala-háskólasjúkrahúss við Hringbraut, til samræmis við tillögu að deiliskipulagi. Í þriðja lagi að breyta lítillega legu stofn- og tengistíga á svæðinu milli gömlu og nýju Hringbrautar. Nánar um tillögu vísast til kynningargagna.

Aðalskipulagsbreytingin, ásamt umhverfisskýrslu, er kynnt samhliða sambærilegum breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, nýju deiliskipulagi fyrir uppbyggingarsvæðið við Hringbraut og breytingu á deiliskipulagi Hringbrautar.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 10. júlí 2012 til og með 4. september 2012. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til Skipulags- og byggingarsviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 4. september 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík, 10. júlí 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

SÓLNING

**Starfsmaður á hjólbarðaverkstæði**

Sólning óskar eftir að ráða röskan og samviskusaman starfsmann á dekkjaverkstæði Sólningar á Smiðjuvegi.

- Reynsla af hjólbarðaviðgerðum æskileg
- Reynsla af viðgerðum er kostur
- Þarf að geta hafið störf fljótlega

Nánar upplýsingar veitir Örn Tryggvi Johnsen í síma 8984866. Umsóknir berist til Sólningar , Smiðjuvegi 70, 200 Kópavogi eða á tölvupóstfangið orn@solning.is

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006.**

## Landspítali Háskólasjúkrahús við Hringbraut

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Landspítala Háskólasjúkrahús við Hringbraut, NLSH. Tillagan tekur til skipulags framtíðaruppbyggingar fyrir Landspítala, Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, á stækkaðri lóð við Hringbraut. Samþjöppun þekkingar og vísindastofnana verður á svæðinu, þar sem sameinuð verður sú starfsemi sem fram að þessu hefur skipst upp milli Fossvogs, Hringbrautar og víðar. Á skipulagssvæðinu er ætlunin að byggja upp í nokkrum áföngum starfsemi Landspítala. Nýbyggingar munu rúma m.a. slysa- og bráðamóttöku, skurðstofur, gjörgæslu og vöknun, myndgreiningu, rannsóknarstofur, legudeildir og sjúkrahótel auk húsnæðis Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans.
Með staðfestingu nýs deiliskipulags sem hér er sett fram fellur úr gildi deiliskipulag Landspítalalóðar frá 1976 með síðari breytingum. Einnig verður gerð breyting á deiliskipulaginu „Færsla Hringbrautar" frá 2006.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Hringbraut

Tillaga breytingu á deiliskipulagi Hringbrautar. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags er aðlöguð deiliskipulagsmörkum nýs Landspítala Háskólasjúkrahúss. Felldur er úr gildi hluti deiliskipulags umhverfis Hlíðarfót þar sem m.a. er fallið frá Holtsgöngum og verður það svæði innan marka deiliskipulags Landsspítala Háskólasjúkrahúss. Ný undirgöng verða gerð undir gömlu Hringbrautina vestan Snorrabrautar og breyting gerð á stígum í samræmi við tillögu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar, ásamt umhverfiskýrslu, liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 10. júlí 2012 til og með 4. september 2012**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***.
Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 4. september. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 10. júlí 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# Auglýsing um breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024

**Með vísan til 27. gr. sbr. 24. gr. laga nr. 123/2010, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006.**

## Holtsgöng. Stofnbraut felld út.

Aukið byggingarmagn á byggðasvæði nr. 5, vegna uppbyggingar á lóð Landspítala við Hringbraut.
Breytingin er tvíþætt. Annars vegar að fella út áform um stofnbraut (Holtsgöng) innan Reykjavíkur, sem ætlað var að tengja Sæbraut við Hringbraut og hinsvegar að breyta byggingarmagni á byggðasvæði nr.5, sbr. tafla 3.2. í greinargerð svæðisskipulagsins. Nánar um tillögu vísast til kynningargagna.

Svæðisskipulagstillagan, ásamt umhverfisskýrslu, er kynnt samhliða sambærilegum breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur, nýju deiliskipulagi fyrir uppbyggingarsvæðið við Hringbraut og breytingu á deiliskipulagi Hringbrautar.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi á skrifstofum sveitarfélaganna sem eru aðilar að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins **frá 10. júlí 2012 til og með 4. september 2012**; Álftanesi, Bjarnastöðum, Garðabæ, Garðatorgi 7, Hafnarfirði, Strandgötu 6, Kjósarhreppi, Ásgarði, Kópavogi, Fannborg 2, Mosfellsbær, Þverholti 2, Reykjavíkurborg, þjónustuveri Borgartúni 12-14, Seltjarnarnes, Austurströnd 2. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu er einnig til sýnis á sama tímabili á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Einnig má sjá tillöguna, ásamt aðalskipulags- og deiliskipulagstillögum á heimasíðu skipulags- og byggingarsviðs, ***www.skipbygg.is***.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Hamraborg 9, 200 Kópavogi eða á netfangið *ssh@ssh.is*, eigi síðar en 4. september 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

## Merkisatburðir

**1875** Í Biskupstungum gerir haglél með miklum stormi, þrumum og eldingum og stóð í þrjár klukkustundir.

**1937** Danskur maður fellur um 70 metra niður í gljúfrið við Dettifoss. Hann lifir fallið af.

**1948** Vígð hengibrú yfir Jökulsá á Fjöllum. Við það styttist vegurinn á milli Norðurlands og Austurlands um 70 kílómetra.

**1951** Íslendingar sigra í norrænni sundkeppni með miklum yfirburðum er fjórði hver landsmaður synti 200 metra á tímabilinu frá 20. maí til 10. júlí.

**1973** Bahamaeyjar fá sjálfstæði frá Bretlandi.

**1980** Fimmta hrina Kröfluelda hefst; hún stóð í rúma viku og var mesta hrinan fram að því.

**2009** Hótel Valhöll á Þingvöllum brennur til kaldra kola.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN FINNBOGASON**
**frá Skálmarnesmúla,**

andaðist 7. júlí sl. á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju, fimmtudaginn 19. júlí kl. 13.00. Jarðsett verður á Skálmarnesmúla.

**Steinunn Pétursdóttir**
**Finnbogi Jónsson** **Þuríður Kristjánsdóttir**
**Kolbrún Jónsdóttir** **Þorvaldur Ottósson**
**Nanna Áslaug Jónsdóttir** **Gísli Ásberg Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN HALLDÓRSDÓTTIR**
**fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma, frá Ísafirði, til heimilis að Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**

er látin. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Guðbjörg Hringsdóttir** **Páll G. Guðmundsson**
**Hjörleifur Hringsson** **Elín Baldursdóttir**
**Sigrún Edda Hringsdóttir** **Hafsteinn Jónsson**
**Hinrik Hringsson** **Ingibjörg H. Þráinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær bróðir okkar, faðir, mágur og frændi,

**VILHELM ÖRN OTTESEN**
**Efstahjalla 13, Kópavogi,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 5. júlí. Útför hans fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu laugardaginn 14. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Frú Ragnheiði-skaðaminnkun, verkefni Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, reikn.nr.: 0526-26-5320, kt.: 530269-1839, skýring: v/Vilhelms.

**Ásta Ottesen** **Páll H. Jónsson**
**Gunnlaug Ottesen** **Friðrik Diego**
**Þórhallur Ottesen** **Elín Margrét Jóhannsdóttir**
**Kristín Ottesen** **Sigmundur Ásgeirsson**
**Jón Ívar Vilhelmsson** **Ellert Heiðar Vilhelmsson**
**og frændsystkini.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**TRAUSTI KRISTINSSON**
**vörubifreiðastjóri,Laufásvegi 50, Reykjavík,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk fimmtudaginn 28. júní, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 12. júlí kl. 15.00.

**Halla Guðný Erlendsdóttir**
**Málhildur Traustadóttir** **Guðmundur Vésteinsson**
**Anna Erla Guðbrandsdóttir** **Egill Sveinbjörnsson**
**Margrét Traustadóttir** **Ámundi Halldórsson**
**Hjördís Steina Traustadóttir** **Kristinn Jónsson**
**Erlendur Traustason** **Björg Sigrún Ólafsdóttir**
**Þórður Ólafur Traustason** **Ágústa Ragnarsdóttir-**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri frændi og vinur,

**EYJÓLFUR EYJÓLFSSON**
**frá Botnum, í Meðallandi, Sundlaugavegi 24, Reykjavík,**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum, fimmtudaginn 5. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Birna Halldórsdóttir**



**SÝNINGIN SETT UPP** Friðþjófur heldur hér á einni af myndunum í Galleríi gersemi sem nefnist Skarfar í tilhugalífi. MYND/ÞORKELL

# Hellar, hverir og heitar laugar í Galleríi gersemi

Vesturland, líf og land kallast sýning í Galleríi gersemi að Brákarbraut 10 í Borgarnesi með myndum Friðþjófs Helgasonar, ljósmyndara og kvikmyndatökumanns frá Akranesi. Þar eru fjölbreyttar landslags- og dýralífsmyndir frá Vesturlandi, enda segir Friðþjófur þar allt vera að finna; fjöll, ár, hraun, jökla, strendur, hálendi, hella, hveri og heitar laugar. „Í raun má segja að á Vesturlandi megi sjá þverskurð af náttúru Íslands,“ segir hann og er ekki í vandræðum með að fanga þessa dýrð með myndavélunum.

Friðþjófur er staddur úti í Kína þegar þetta er ritað. Hann hefur komið mjög víða við á sínum ferli, meðal annars á hinum ýmsu fjölmiðlum. Fyrsta stóra verkefni hans sem atvinnuljósmyndara var Heimaeyjargosið og leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjov var fyrsta stóra kvikmyndatökuverkefnið. Þá vann hann hjá RÚV.

Níu ljósmyndabækur hafa komið út eftir Friðþjóf á liðnum árum, sú tíunda er í burðarliðnum og hún ku einmitt vera um Vesturland. Frá árinu 2000 hefur hann verið sjálfstætt starfandi myndatökumaður og starfað mikið með Páli Steingrímssyni í Kvik kvikmyndagerð.

Sýning Friðþjófs verður opin á opnunartíma Gallerís gersemi til 8. ágúst.

\- gun

# Samasöngvar á Café Rósenberg

Sami Folk Duo kemur fram á Café Rósenberg í kvöld. Það skipa Niillas Holmberg og Roope Mäenpää, ungir tónlistarmenn frá Finnlandi sem hafa verið að gera það gott í heimalandinu. Þeir nýta menningarlegan og tónlistarlegan bakgrunn sinn og skapa þægilegan bræðing þar sem greina má áhrif frá þjóðtónlist Sama og bandarískri sveitatónlist undir klassískum hljóðfæraleik.

Niillas Holmberg er Sami frá Utsjoki sem er með nyrstu þorpum Finnlands. Sextán ára flutti hann til Tampere til tónlistarnáms, þar kynntist hann hinum fjölhæfa tónlistarmanni Roope Mäenpää frá Tampere en hann stundaði selló- og tónsmíðanám við sama skóla. Síðan þá hafa þeir unnið saman að tónlist og ætla nú loksins að leyfa Íslendingum að heyra.

Niillas og Roope komu fram á Þjóðlagahátíð á Siglufirði síðastliðinn fimmtudag en í kvöld, 10. júlí, munu þeir halda tónleika í Reykjavík. Tónleikarnir verða á Café Rósenberg á Klapparstíg og hefjast þeir kl. 21.

**SAMI FOLK DUO** Leikur á Rósenberg í kvöld.



**ÞETTA GERÐIST:** 10. JÚLÍ 1980

# Íslensk kreditkort líta dagsins ljós

Hinn 10. júlí 1980 var fyrsta kreditkortið gefið út á Íslandi af fyrirtækinu Eurocard. Sjö dögum síðar notaði þáverandi forstjóri fyrirtækisins kreditkort fyrstur manna á Íslandi í viðskiptum sínum við verslunina Tékk Kristal. Í fyrstu tóku einungis 150 fyrirtæki við kortunum og fengu handhafar kortanna bækling með upplýsingum um hvar þau mætti nota.

Upphaflega var ekki hægt að nota íslenskt kreditkort erlendis vegna gjaldeyrishafta Seðlabankans. Því þurftu Íslendingar að reiða sig á hefðbundinn gjaldeyri þar til hægt var að sækja sérstaklega um leyfi til erlendrar kortanotkunar hjá Seðlabanka Íslands.

Ekki þótti öllum kortin vera af hinu góða og vakti Guðrún Helgadóttir, þáverandi þingkona Alþýðubandalagsins, athygli á að kortin kynnu að leiða til umframeyðslu. Í framhaldinu spunnust miklar umræður en í grein Haraldar Haraldssonar, forstjóra Kreditkorta, sem birtist í Morgunblaðinu, vísaði hann ásókunum á bug og sagði kortin alls ekki leiða til umframeyðslu.





Minn ástkæri eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLDÓR BJARNASON**
**Gullsmára 5, Kópavogi,**

lést fimmtudaginn 28. júní. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala Fossvogi, deild A4, fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Sigurbjörg Valsdóttir**
**Sigríður Halldórsdóttir** **Jón Þórir Jónsson**
**Guðrún Halldórsdóttir** **Guðmundur Ingason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA ÞORKELSDÓTTIR**
**Kleppsvegi 62,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 30. júní. Útför hennar fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 12. júlí kl. 15.00.

**Una Sigurðardóttir** **Ólafur Gíslason**
**Sigfús Jón Sigurðsson** **Ragnheiður Sæland Einarsdóttir**
**Zophanías Þorkell Sigurðsson** **Guðrún Ívars**
**Alma Sigurðardóttir** **Magnús Ægir Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LINDA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Greniteig 2, Keflavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, laugardaginn 7. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 12. júlí kl. 13.00.

**Björgvin Þorvaldsson**
**Kristján Björgvinsson** **Elínborg Sigurðardóttir**
**Sigrún Björgvinsdóttir** **Smári Friðriksson**
**Björgvin Björgvinsson**
**Linda Rós Björgvinsdóttir** **Benedikt Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg dóttir okkar og systir,

**INGA BIRNA HJALTADÓTTIR**
**Sunnakri 2, Garðabæ,**

lést 1. júlí á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 11. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Von, félag til styrktar skjólstæðingum á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi.

**Kristjana Axelsdóttir** **Hjalti Páll Ingólfsson**
**Anna Lovísa Hjaltadóttir**
**Lilja Katrín Hjaltadóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

# TOSHIBA FARTÖLVA

## EINSTAKT VERÐ FYRIR 15,6" TOSHIBA FARTÖLVU VEGNA HAGSTÆÐRA MAGNKAUPA !




## SÉRSTAKT
## MAGNKAUPVERÐ

# 79.990

**AÐEINS KR. 7.239 Á MÁNUÐI**
vaxtalaust í 12 mánuði. Innifalið í mánaðargreiðslum er 3% lántökugjald og mánaðarlegt færslugjald.

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### Toshiba C660-2KG

**15,6" fartölva sem fer létt með alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, 4 GB vinnsluminni, innbyggt Intel HD Graphics skjákort og 320 GB harður diskur. Allt að 6,5 klukkutíma rafhlöðuending. Windows 7 Home Premium fylgir.**

**Lægri bilanatíðni hjá Toshiba**
Tölvulistinn er umboðsaðili fyrir Toshiba á Íslandi. Á undanförnum árum höfum við selt þúsundir fartölva frá Toshiba og vaktað reynslu okkar viðskiptavina í samvinnu við Toshiba. Okkar reynsla er sú sama og kom fram í SquareTrade rannsókn sem gerð var meðal 30.000 fartölvukaupenda á heimsvísu – Toshiba er með eina lægstu bilanatíðni allra tölvuframleiðanda á Íslandi og í heiminum.

**Lengri ábyrgð og trygging fyrir óhöppum**
Ábyrgð á Toshiba er 2 ár bæði á vinnu og varahlutum. Með því að bæta við fartölvutryggingu að upphæð kr. 14.990 lengist ábyrgðartíminn í 3 ár auk þess sem fartölvan er tryggð fyrir tjónum og þjófnaði án sjálfsábyrgðar í 3 ár.

**Vinnsla sem hentar flestum heimilum**
Ef þú ert að leita að fartölvu fyrir hefðbundna heimilisnotkun, þá er þetta rétta vélin. Hentar vel fyrir netið, ritvinnslu og verkefni sem ekki krefjast mikillar grafískrar vinnslu eins og þungir leikir og myndvinnsluforrit. Intel Dual Core örgjörvi.

**Vandaður skjár, vefmyndavél og endingargóð rafhlaða**
15,6" háskerpu TruBrite LCD skjár með LED baklýsingu. Vefmyndavél fyrir Skype myndsímtöl með Face Recognition. Rafhlaða dugar allt að 6,5 klukkutíma notkun.

**Hönnuð fyrir daglega notkun**
Útlit sem sameinar notagildi og góða hönnun. Sterkbyggð umgjörð og flott svört áferð.

**Stækkanleg í 8GB**
Kemur með 4GB vinnsluminni en er stækkanleg upp í 8 GB fyrir aðeins kr. 5.990.

**Tilbúin til notkunar**
Kemur uppsett með Windows 7 Home Premium, Nero brennsluforriti og Microsoft Office Starter.

tl.is

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




OPIÐ
**10-18**
ALLA VIRKA DAGA

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** eftir hádegi, **8.** aur, **9.** matjurt, **11.** eyrir, **12.** langt op, **14.** fet, **16.** kringum, **17.** gljúfur, **18.** gogg, **20.** skst., **21.** þefja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** frá, **4.** örvandi efni, **5.** viður, **7.** hálsfesti, **10.** yfirbreiðsla, **13.** sarg, **15.** flauel, **16.** dvelja, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** eh, **8.** for, **9.** kál, **11.** fé, **12.** klauf, **14.** skref, **16.** um, **17.** gil, **18.** nef, **20.** no, **21.** anga.

**LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** af, **4.** koffein, **5.** tré, **7.** hálsmen, **10.** lak, **13.** urg, **15.** flos, **16.** una, **19.** fg.


TOSHIBA FARTÖLVA

EINSTAKT VERÐ FYRIR 15,6" TOSHIBA FARTÖLVU VEGNA HAGSTÆÐRA MAGNKAUPA!




15,6" fartölva sem fer létt með alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 32 GB harður diskur.

SÉRSTAKT MAGNKAUPVERÐ

79.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

AÐEINS KR. 7.239 Á MÁNUÐI vaxtalaust í 12 mánuði. Innifalið í mánaðargreiðslum er 3% lántökugjald og mánaðarlegt færslugjald.

tl.is TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR


# Öll dýrkum við útlitið

BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé



Segi þér einhver að hann eða hún spái ekkert í útlitið þá er viðkomandi að ljúga. Við spáum vissulega mismikið í útlitið, en öll veltum við því fyrir okkur. Hafir þú, lesandi góður, greitt þér í fegrunarskyni, litað varirnar, snyrt skeggið, látið lita á þér hárið eða skerða það með annað en þægindi í huga, ekki keypt þægilega skó þar sem þeir voru forljótir, kreist á þér bólu, eða hvað annað sem við gerum í dagsins önn; þá hefurðu vissulega spáð í útlitið.

**ÉG TALDI** sjálfum mér lengi trú um að svo gilti ekki um mig. Eins og með svo margt annað í lífinu taldi ég mig, í hroka mínum, upp yfir slíkt hafinn og benti gjarnan á að greiða hefur ekki snert hár mitt í tuttugu ár, nema í höndum hárskera. En auðvitað var það ekkert nema blekking. Kannski hélt ég mig vera slíkan bóhem að útlit skipti mig engu, að ég lifði á astralplaninu þar sem einungis háleitar hugsanir ríkja og veraldlegt pjatt, eins og útlit þess hulsturs sem hýsir mína leitandi sál, skipti mig engu. Svo gafst ég upp á þeirri sjáfsblekkingu og fór í ræktina.

**ÞAÐ ER** sérkennileg reynsla fyrir mann sem þekkir lítið til slíkra stofnana að stunda ræktina. Það er eins og að ganga inn í menningarheim sem var manni hulinn, því menning er það. Alls kyns fólk hamast við að koma sér í form, stæla þolið, stækka vöðvana eða hvað það er sem er markmið hvers og eins. Appelsínugulir og bleikir spandexgallar hamast við, hvort sem markmiðið er öfugur blómavasavöxtur úr Disney-mynd eða eitthvað annað. Og svo kemur sturtan.

**ÞAÐ ER** virkilega skemmtileg menning sem ríkir í karlaklefanum í ræktinni. Þarna spjöllum við naktir, fullorðnir karlmenn að gera eitthvað í okkar málum. Og það er ástæða fyrir því að speglar þekja alla veggi í þurrkrýminu. Við viljum sjá hvernig okkur gengur.

**SUMIR** okkar fara laumulega í þetta. Við spennum vöðvana svo lítið á beri á meðan við þurrkum okkur, fullvissir um að fylgist einhver með líti hann á kreppta vöðva sem merki um öflugan þurrk. Aðrir eru ekkert að lauamst. Þeir standa og spenna sig á alla kanta, horfa á maga, síðu og rass og dæsa af aðdáun. Það er eitthvað skemmtilega frelsandi við slíka pukurslausa sjálfsdýrkun.

**ÞAÐ ER** auðvelt að fara út í öfgar í útlitsdýrkun og félagslegur þrýstingur í þá veru getur beinlínis verið skaðlegur. En við sem höfum gert eitthvað sem við teljum gera okkur flottari, mættum oft sýna því sem annað fólk gerir í sama tilgangi meiri skilning.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




KFC
Krushers™
Ískaldur og svalandi þeytingur
Nýtt
2 FYRIR 1
ALLA VIRKA DAGA KL. 14–17
Milkybar
ÞYKKUR, SVALUR OG SJÚKLEGA GÓÐUR!
VÆNTANLEGT
LION
Krushers
OREO
STÓR 499
LÍTILL 349
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
WWW.KFC.IS



**HAUKUR GRÖNDAL Á KEXI** Kvartett saxófónleikarans Hauks Gröndals kemur fram á djasstónleikum á Kexi í kvöld. Með Hauki spila þeir Kjartan Valdemarsson á píanó, bassaleikarinn Tómas R. Einarsson og trommuleikarinn Matthías Hemstock. Þeir munu leika af fingrum fram sígræn lög úr Amerísku söngbókinni. Tónleikarnir hefjast um klukkan hálf níu.

# Hrunhenda Ernis

Bækur ★★☆☆☆

**Sýslumaðurinn sem sá álfa**
Ernir K. Snorrason




**Sögur útgáfa 2012**

Það er í meira lagi óvenjulegt að ný íslensk skáldsaga skuli koma út á útfarardegi höfundar hennar. Sú er þó raunin með þessa bók, en höfundurinn, Ernir Kristján Snorrason, lést fyrir skömmu og var til moldar borinn 8. maí síðastliðinn. Ernir mun hafa unnið að Sýslumanninum sem sá álfa síðustu mánuðina sem hann lifði.

Ernir starfaði sem geðlæknir en hafði bersýnilega mikla ástríðu fyrir skáldskap. Á áttunda áratugnum gaf hann út ljóðabókina Bölverkssöngva (1976) og skáldsöguna Óttar ári síðar. Óttar vakti töluverða athygli, eða hefur í það minnsta verið lengi í minnum höfð meðal þeirra sem kunnu að meta hana.

Ernir spreytir sig á glæpasagnaforminu í Sýslumanninum sem sá álfa. Eða er kannski tímabært að tala um nýja bókmenntategund á Íslandi; hið svokallaða hrunsagnaform? Innan þess er svigrúm fyrir sögur um Íslendinga sem fara um víðan völl til þess að reyna að komast til botns í því hvað gerðist eiginlega hér í hruninu og hvað olli því. Þegar eigum við þónokkrar hrunsögur.

Aðalsöguhetjan, sýslumaðurinn Björn (sem já, sér álfa og á við þá samskipti) er bæði myrkfælinn og berdreyminn. Hann er þó svo næm manneskja að dómsmálaráðherrann (iðulega kallaður Möllerinn) ræður hann til þess að rannsaka málefni tengd hruninu. Eða eins og Björn segir sjálfur: „[Möllerinn] á í vandræðum með að rannsaka umfangsmikil spillingarmál á Íslandi. Hann fékk þá flugu í höfuðið að gamall sýslumaður utan af landi gæti leyst öll hans vandræði.“ (101)

Sú rannsókn leiðir Björn um allan heim, þar sem hann ræðir við mafíósann Mister Barósó í Bandaríkjunum og menn tengda rússnesku mafíunni, fæst jöfnum höndum við þá sem stunda peningaþvætti og japanskættaða launmorðingja, svo aðeins fátt sé nefnt af því sem söguhetjan þarf að reyna í njósnastörfum sínum fyrir íslenska ríkið. Öðrum þræði er sagan líka ástarsaga, þar sem Björn rekst á gamla vinkonu, Bíbí, strax í upphafi og með þeim takast ástir.

Sýslumaðurinn sem sá álfa er ansi hressileg og greinilega skrifuð fyrst og fremst til skemmtunar, bæði höfundinum sjálfum og lesendum. En kannski einmitt vegna fjörsins og ritgleðinnar verður sagan æði óreiðukennd á köflum. Hér ægir öllu saman; nýjar persónur bætast stöðugt inn í söguna, sem gerir hana tyrfnari en hún þyrfti að vera, auk þess sem forgangsröðun höfundar er svolítið undarleg á köflum; t.a.m. er dvalið óhóflega við hrossarækt fyrir austan fjall, en aðeins tæpt á atburðum sem skipta raunverulega máli fyrir framvindu glæparannsóknarinnar. Fleiri gallar eru á sögunni; á fléttu, stíl og persónusköpun.

Sem fyrr segir er ritgleðin ríkjandi í Sýslumanninum sem sá álfa. Svo mikil er hún að sagan verður dásamlega sýrð á köflum (Gaui álfur, sem kennir Birni að lesa hugsanir, er þar alls ekki skrítnastur kandidata!). Sá lesandi sem hér skrifar gleðst fyrir hönd Ernis heitins Snorrasonar og aðstandenda hans, að honum skuli hafa tekist að ljúka við skáldsögu á ævikvöldi sínu, en í formála skrifar Ernir að hann óski sér þess að með henni nái hann að „vekja einhverjum bros og svolitla gleði“. Og það tókst honum líka.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Meingölluð en afar hressileg hrunsaga í óvenjulegri kantinum.






**SKÓRNIR AF** Verkið Shoes Off If You Love Luton er skilti og er það sýnt í Galleríi Skilti í Dugguvogi 3. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# HVETJANDI SKILTI

Myndlist ★★★★☆

**Shoes off if you love Luton**
Dominic From Luton

**Gallerí skilti**

Nú stendur yfir sýning breska myndlistarmannsins Dominic From Luton; Shoes Off If You Love Luton, í Galleríi Skilti að Dugguvogi 3 í Reykjavík. Dominic From Luton er eins og nafnið ber með sér frá bænum Luton í Englandi. Í texta í sýningarskrá segir að listamaðurinn hafi undanfarin ár einbeitt sér að eins konar aðferðafræðilegri skráningu á uppvexti sínum í Luton, og leiti fanga bæði í endurminningum sem tengjast fjölskyldu hans yfir í einlæga skoðun á óróakenndu samfélagi, eins og það er orðað í skránni.

Sýningarstaðurinn og verkið sjálft er skilti, ílangt á hæðina, fest á húsvegg. Shoes Off If You Love Luton er mynd af húðflúraðri hendi (hendi listamannsins) sem heldur á Reebok-íþróttaskó sem ber við heiðskíran og heiðbláan himinn.

Titill verksins er áskorun, áskorun um að taka af sér skóinn ef maður elskar Luton, og hylla bæinn. Það var einmitt það fyrsta sem mér datt í hug þegar ég stóð fyrir framan verkið, að klæða mig úr öðrum skónum og lyfta honum til himins. Ég hikaði þó þegar ég áttaði mig á að mig vantaði eiginlega allar forsendur til að hafa skoðun á Luton, hvað þá til að elska bæinn eins skilyrðislaust og listamaðurinn virðist gera.

Skór sem haldið er á líkt og í verkinu, hafa síðustu ár komist í heimsfréttirnar í Austurlöndum nær, þegar þeim hefur verið kastað að ráðamönnum í mótmælaskyni en í íslam er slíkt talið afar móðgandi gjörningur.

Shoes Off If You Love Luton er hins vegar lofgjörð, ætluð til að beina athygli manna að heimabæ listamannsins, og vekja von í brjósti. Hér má því segja að sé á ferðinni hálfgerð ferðamálalist með markaðslegum en um leið húmorískum undirtón.

Verkið sjálft er gerðarlegt, vel frágengið og sérhannað til að standast veður og vind. Ekki er vanþörf á því þar sem sýningin stendur fram í miðjan desember.

Skiltalist er víðar að finna á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir, en listahópurinn Learning Site í samstarfi við Jamie Stapleton hefur sett upp fjölda upplífgandi skilta víða í miðbæ Reykjavíkur, til dæmis á Hverfisgötu 32 og Tryggvagötu 10, og einnig á Völlunum í Hafnarfirði, til dæmis Tjarnarvöllum 1 og Norðurhellu 5. Sýningin er hluti af hinni ágætu Independent People, myndlistarhluta Listahátíðar í Reykjavík.

Á skiltum Learning Site er unnið með bankahugtakið, og eru verkin í samtali við fjármálahrunið og hina alþjóðlegu bankakreppu. Til áhrifsauka þá er skiltunum komið fyrir á byggingum sem grotnað hafa niður eftir fjármálahrunið, eins og það er orðað í sýningarskrá, og þar með eru byggingarnar endurskilgreindar sem ýmiss konar nýstárlegir bankar með óefnislegri innstæðu. International Bank of Being, Global Bank of Truth og Democratic Bank of Everyday Things, má nefna sem dæmi um þessa banka. Þessi verk innihalda falleg skilaboð til okkar allra um að huga að því sem máli skiptir í lífinu.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Upplífgandi og skýr skilaboð á skiltum, með pólitískum og markaðslegum undirtóni.

# Nautn og notagildi

Sýningin Nautn og notagildi var opnuð um helgina í Listasafni Árnesinga. Á sýningunni er efnt til samræðu verka eftir á annað hundrað höfunda í þeim tilgangi að kanna snertifleti milli myndlistar og hönnunar á Íslandi. Sýningin spannar tímabilið frá öðrum áratug síðustu aldar til samtímans og felur því í sér yfirlit myndlistar- og hönnunarsögu þar sem víða liggja saman þræðir. Áherslur eru meðal annars fólgnar í sýningarumgjörð sem skírskotar til heimilisins. Heimilið er vettvangur þar sem mætast hlutir úr heimum myndlistar og hönnunar; hlutir er gefa tilverunni merkingu sem gjarnan er á óræðum mörkum nautnar og notagildis. Á sýningunni er sjónum beint að slíkum mörkum – en jafnframt að því landamæraleysi sem gjarnan einkennir samtímann – og skyggnst er eftir þeim sköpunarkrafti sem brýtur af sér höft og skilgreiningar.

Sýningarstjórar eru Anna Jóa og Elísabet V. Ingvarsdóttir sem hafa skapað sér fjölbreytta reynslu innan myndlistar og hönnunar.



**MYNDLIST OG HÖNNUN** Sýningarumgjörðin skírskotar til heimilisins er þar mætast hlutir úr heimi myndlistar og hönnunar.



Verðlaunaðu
þig með
Weetos
D-VÍTAMÍN
LÍTIÐ SALT
ÁN LITAREFNA
HEILKORNA
Weetabix
Weetos
Chocolatey
Wholegrain Goodness
375g
WHOLEGRAIN
PIPAR\TBWA • SÍA • 121466
innihelldur
minni sykur en
annað súkkulaðimorgunkorn






SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 2D | KL. 5 -8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 8 - 10.25 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 3D | KL 6 - 9 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 – 10.30 | 10 |
| STARBUCK | KL 5.30 - 8 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL 10.20 | L |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 - 10 | 12 |

Barnaheill Save the Children Iceland

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 4, 7, 10.20(P) |
| WHAT TO EXPECT | 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 4 - 10:10 | 2D | 10 |
| DREAMHOUSE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:50 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:30 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DREAM HOUSE | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TALI | KL. 6 | 3D | L |
| ROCK OF AGES | KL. 8 | 2D | 12 |
| LOL | KL. 6 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOL | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 5:10 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 6 - 10 | 2D | 10 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE FORSÝND | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDERMAN | KL. 8 - 10:50 | 3D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |




**UPPBLÁSNIR ORMAR** Björk fékk misjafna dóma fyrir frammistöðu sína á Hróarskeldu. Sumir áttu vart orð til að lýsa hrifningu sinni, en aðrir voru ekki eins ánægðir. Kjóllinn var allavega góður. NORDICPHOTOS/GETTY

# FRÍ KNÚS OG GLÆSIPÍUR Á HRÓARSKELDU

**Hróarskelduhátíðin var haldin í Danmörku um helgina og eins og venjulega voru allir í stuði. Björk Guðmundsdóttir rak smiðshöggið á hátíðina á sunnudagskvöld og gestir hátíðarinnar skemmtu sér konunglega, ef marka má myndirnar.**



**LÆKNINGIN** Robert Smith úr hljómsveitinni The Cure hefur engu gleymt. Sama hár, sama rödd.



**GLÆSILEG** Þessi unga snót var glæsileg í sólinni á Hróarskeldu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Þriðjudagur 10. júlí 2012

**➜ Tónleikar**

**20.00** Miðaldasönghópurinn Voces Thules tekur lagið í tónleikaröðinni Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju. Aðgangur er ókeypis og gestir beðnir um að nota bílastæðið við Peningagjá og ganga heim að kirkju.

**➜ Tónlist**

**20.00** Íslenska hljómsveitin Momentum og færeyska sveitin Synarchy hefja tónleikaferðalag sitt, Ferðin til Heljar, á tónleikum í Norræna húsinu í Reykjavík. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**20.30** Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari flytja kabarettlög og lög úr söngleikjum á sumartónleikum Listasafns Sigurjóns í Laugarnesi. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**21.00** Niillas Holmberg og Roope Mäenpää, ungir tónlistarmenn frá Finnlandi, flytja söngva frá Samabyggðum á Café Rosenberg á Klapparstíg.



**21.00** Kvartett saxófónleikarans **Hauks Gröndal** spilar á djasstónleikaröðinni á KEXI Hosteli, Skúlagötu 28. Leikin verða sígræn lög úr Amerísku söngbókinni. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**NÝ STÚLKA** Kardashian-systurnar fagna komu nýrrar stúlku í fjölskylduna.

## Viðbót við ættarveldið

Kardashian-systurnar hafa nú fengið ferskan liðsauka í ættarveldi sitt. Elsta systirin Kourtney Kardashian og kærastinn hennar Scott Disick eignuðust nefnilega stúlkubarn síðastliðinn sunnudag. Stúlkan hlaut nafnið Penelope Scotland Disick og ef marka má bloggfærslu nýbakaðrar frænku hennar, Kim Kardashian, gekk allt eins og í sögu. Fyrir á parið soninn Mason Dash Disick sem fæddist í desember 2009.







MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

ÞRIÐJUDAGUR: **GLASTONBURY THE MOVIE** 18:00, 20:00, 22:00 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00, 22:10 ■ *COOL CUTS: 101 REYKJAVIK* 18:00 ■ *COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES* 20:00 ■ *COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00

FRÁ 13. JÚLÍ: **RED LIGHTS með Robert De Niro og Sigourney Weaver!**

**ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ:** 950 kr. miðinn!



**DÓNI** Nergel úr pólsku þungarokks-hljómsveitinni Behemoth var ekkert ánægður með að sjá ljósmyndara.



**Á TÁNUM** Beth Ditto úr hljómsveitinni The Gossip heilsaði upp á æsta áhorfendur.

# Bumbubúi?

Kærustuparið myndarlega Blake Lively og Ryan Reynolds héldu upp á þjóðhátíðardag Bandaríkjanna síðastliðinn miðvikudag, ásamt öðrum löndum sínum. Myndir af parinu hafa vakið mikla athygli í slúðurheimum og virðast þau vera ástfangnari en nokkru sinni fyrr.

Myndir af Lively í sundbol í grillveislu þar sem parið fagnaði deginum hefur ýtt undir orðróm um að hún kunni að bera barn undir belti. Það verður því spennandi að fylgjast með því hvort leikkonan vinsæla fari að þykkna undir belti.



**STUTT SAMAN** Lively og Reynolds eru ekki búin að vera lengi saman, eða síðan í nóvember 2011.




**FRÍ KNÚS** Þessir hressu herramenn buðu gestum og gangandi upp á ókeypis faðmlög. Ekki það eina sem var í boði á Hróarskeldu.



**REFFILEGUR** Jack White var með sparihattinn á Hróarskeldu.






# sport

sport@frettabladid.is



**SANDRA MARÍA JESSEN** og félagar hennar í toppliði Þórs/KA taka á móti Fylki í 9. umferð Pepsi-deildar kvenna í kvöld klukkan 19.15. Á sama tíma tekur KR á móti ÍBV, Stjarnan á móti Selfossi en viðureign FH og Breiðabliks verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og í opinni dagskrá á Vísi klukkan 19.30.

## ÚRSLIT

### Borgunarbikar karla

**Stjarnan - Fram 2-1**
1-0 Garðar Jóhannsson (6.), 1-1 Sam Tillen (45.), 2-1 Garðar Jóhannsson (72.)

Grindavík, KR, Stjarnan og Þróttur eru komin í undanúrslit í karlaflokki. Átta liða úrslit í kvennaflokki fara fram á föstudaginn.
Dregið verður í undanúrslit keppninnar í karla- og kvennaflokki á mánudaginn.

### Pepsi-deild kvenna

**Valur - Afturelding 0-1**
0-1 Lára Kristín Pedersen (41.)
*Afturelding hefur unnið tvo sigra í deildinni í röð en Valur tapað tveimur í röð.*



**SJÓÐANDI HEITUR** Alfreð hefur skorað níu mörk í fjórtán leikjum og er þriðji markahæstur í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslendingar á skotskónum:

## Alfreð og Pálmi með glæsimörk

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason skoraði sitt níunda mark í sænsku úrvalsdeildinni í gærkvöldi þegar hann tryggði Helsingborg 1-1 jafntefli gegn IFK Gautaborg.

Mark Alfreðs kom beint úr aukaspyrnu fimm mínútum fyrir leikslok en Helsingborg situr í fimmta sæti deildarinnar.

Pálmi Rafn Pálmason skoraði síðasta mark Lillestrøm sem vann 4-3 útisigur á Fredrikstad í norsku úrvalsdeildinni. Mark Pálma var glæsilegt en hann tók boltann á lofti eftir sendingu Björns Bergmanns Sigurðarsonar. Lillestrøm þurfti nauðsynlega á stigunum að halda í botnbaráttu deildarinnar.

Björn Bergmann lagði upp tvö mörk auk þess að næla sér í gult spjald. Hann verður því í leikbanni í næsta leik Lillestrøm sem átti að verða hans síðasti áður en hann heldur til liðs við Wolves í Englandi. - ktd

# Dýrt að skera niður afreksstarf

**Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, segist hafa áhyggjur af langtímauppbyggingunni í íslensku afreksstarfi. Hann segir að á meðal Ólympíufara sé íþróttafólk sem sé að brotna og bendir á þann ósýnilega skaða sem niðurskurður í afreksstarfi hefur. ÍSÍ fékk 15 milljónir króna í styrk frá ríkisvaldinu fyrir Ólympíuleikana.**

**ÓL 2012** Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, tilkynnti í gær hvaða íþróttamenn færu á Ólympíuleikana. Reyndar fyrir utan handboltalandsliðið en Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari fékk aðeins lengri tíma til þess að velja sinn hóp.

Alls fara 27 þátttakendur út og í fylgdarliði Ólympíuhópsins er svipaður fjöldi. Það eru liðsstjórar, læknar, sjúkraþjálfarar og fararstjórar.

„Þetta er sami fjöldi og fór til Peking og í samanburði við hin Norðurlöndin þá er þetta mjög ásættanlegur fjöldi sem fer frá okkur á leikana,“ segir Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, en hann segir ekki mikið hafa breyst í undirbúningi leikanna nú og fyrir fjórum árum.

„Samstarfið við sérsamböndin er samt betra og skipulagning okkar fólks og sérsambandanna hefur verið til fyrirmyndar.“

Ólafur segist ekki geta fest fingur á hversu dýrt það sé að senda þennan hóp til London í lok mánaðarins. ÍSÍ fær pening frá bakhjörlum sínum, ríkisvaldinu og svo Ólympíuhreyfingunni.

„Við fengum aukalega 15 milljónir frá ríkinu fyrr á þessu ári sem við erum þakklátir fyrir. Það hjálpaði til og svo fengum við líka auka 80 þúsund dollara frá Ólympíusamhjálpinni. Allt hjálpar þetta til,“ segir Ólafur en eru þessar 15 milljónir króna frá ríkinu ásættanlegur styrkur að hans mati?

„Ef að menn ætla sér að setja einhver samanburðarmarkmið við aðrar þjóðir er þetta auðvitað langt frá því að vera nóg. Við erum vissulega þakklát fyrir allt sem við fáum en það þarf að bæta verulega í afreksmálin svo hægt sé að halda áfram þeirri uppbyggingu sem nú er í gangi,“ segir Ólafur og bendir á að ekki sjáist alltaf hvaða afleiðingar niðurskurður til afreksmála hefur.

„Ég hef sagt það áður að þegar við erum að skera niður afreksstarf í dag þá erum við kannski að tapa medalíu á næstu leikum. Það er þessi ósýnilegi skaði sem við erum að eiga við og enginn stjórnmálamaður þarf að horfast í augu við því hann sést aldrei. Það eru keppendur sem eru alveg að brotna og þurfa að leggja mikið úr eigin vasa og þurfa skilningsríkar fjölskyldur á bak við sig.

Það er þessi samfella sem ég sakna fjárfestingar í. Það að koma með viðbótarframlag í ákveðna viðburði hjálpar okkur að brúa bil fyrir þann viðburð en það er þessi langtímauppbygging sem ég hef áhyggjur af ef ég á að segja alveg eins og er.“

Ólafur segir að tekist hafi að fjármagna leikana með mikilli vinnu en hann hefur áhyggjur af heildarmyndinni.

„Það má gera miklu betur þar,“ segir Ólafur en hvað getur ÍSÍ gert til þess að bæta úr málum?

„Í raun og veru snýst þetta fyrst og fremst um vilja stjórnvalda. Það er okkar hlutverk að koma öllum upplýsingum og markmiðum á framfæri við stjórnvöld,“ segir Ólafur en hefur ÍSÍ staðið vaktina vel í þeim efnum?

„Við getum alltaf gert betur. Það er líka oft verið að gera meira en sést á yfirborðinu. Menn geta líka spurt sig að því hvar virðingin er ef menn eru að atast í fjölmiðlum án þess að ég geri lítið úr því að við komum okkar málstað á framfæri þar. Meginatriðið er að við erum að vinna mjög vel með stjórnvöldum í því að kynna um hvað málið snýst og þar af leiðandi að auka skilninginn. Þar getum við gert betur. En hafi menn skilninginn en ekki viljann þá er það mín skoðun að það séu léleg stjórnmál sem felast í því að menn taki vinsæla ákvörðun bara ef einhver gerði sig breiðan í fjölmiðlum.“

Forsetinn er á því að lyfta þurfi grettistaki í afreksmálunum ef Ísland ætlar sér að vinna til fleiri verðlauna á næstu árum.

„Við eigum tækifæri og inneign sem þarf að nýta. Ef við tökum einstaklinga sem eru á leið á leikana og eru miklar fyrirmyndir. Hvað halda menn að þetta sé að skila samfélaginu miklu í forvörnum til að mynda? Í því samhengi vil ég meina að þetta séu tiltölulega litlir fjármunir sem verið er að setja í starfið.“

henry@frettabladid.is



**ÁHYGGJUFULLUR** Forseti ÍSÍ segir að styrkir til afreksfólks Íslands í íþróttum snúist fyrst og fremst um vilja stjórnvalda. Hann segir styrkina, í samanburði við önnur lönd, vera langt frá því að vera nógu háir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég hef sagt það áður að þegar við erum að skera niður í afreksstarfi þá erum við kannski að tapa medalíu á næstu leikum.
>
> **ÓLAFUR RAFNSSON**
> FORSETI ÍSÍ

### Ólympíufarar

**Keppendur Íslands á ÓL í London fyrir utan 15 manna hóp handboltalandsliðsins.**

| | |
|---|---|
| Ragna Ingólfsdóttir | badminton |
| Ásdís Hjálmsdóttir | frjálsar |
| Kári Steinn Karlsson | frjálsar |
| Óðinn Björn Þorsteinsson | frjálsar |
| Þormóður Árni Jónsson | júdó |
| Ásgeir Sigurgeirsson | skotfimi |
| Anton Sveinn McKee | sund |
| Árni Már Árnason | sund |
| Eygló Ósk Gústafsdóttir | sund |
| Eva Hannesdóttir | sund |
| Hrafnhildur Lúthersdóttir | sund |
| Jakob Jóhann Sveinsson | sund |
| Sarah Blake Bateman | sund |




39.900
ALHLIÐASÖG - VELTISÖG
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
Sími: 585 2888


Stjörnumenn síðastir til þess að tryggja sig inn í undanúrslitin eftir 2-1 sigur á Fram í Garðabæ:

# Garðar stangaði Stjörnuna í undanúrslit

**FÓTBOLTI** Stjarnan úr Garðabæ er komin í undanúrslit bikarkeppni KSÍ í fyrsta skipti síðan árið 1994. Stjarnan lagði Fram, 2-1, með tveimur skallamörkum frá Garðari Jóhannssyni hvoru í sínum hálfleiknum. Sam Tillen skoraði mark Framara og jafnaði metin beint úr aukaspyrnu undir lok fyrri hálfleiks.

„Ég held við höfum spilað fótbolta í svona korter, annars vorum við bara að verjast. Við gátum nákvæmlega ekki neitt í fyrri hálfleik. Það verður að viðurkennast,“ sagði Garðar, hetja Garðbæinga, í leikslok.

Hann kom Stjörnunni yfir snemma leiks en í kjölfarið ákvað sóknarliðið spræka að leggjast í vörn og leyfa Frömurum að koma sér inn í leikinn í stað þess að keyra á þá og reyna að ganga frá þeim. Furðuleg ákvörðun.

„Þetta var aðeins betra hjá okkur í seinni hálfleik en ekkert frábært. Lítið flot á boltanum. Ég skil ekkert í því af hverjum við bökkum svona. Við erum bestir í að sækja og alls ekki bestir í að verjast og ættum ekki að reyna það. Menn virðast gleyma því hreinlega að okkur styrkur er að sækja. Þetta stóð svolítið tæpt en ég hafði samt aldrei beint neinar áhyggjur af þessu. Þetta var virkilega sætt,“ sagði Garðar sem hefur verið eldheitur fyrir framan mark andstæðinganna í undanförnum leikjum.

Framarar léku ágætis leik eins og svo oft áður í sumar. Lukkan er þó engan veginn á bandi þeirra og þess utan geta þeir sjálfum sér um kennt. Þeir voru að spila vel út á velli, skapa sér færi en ef þeir nýta þau ekki þá fá þeir það sem þeir eiga skilið.

Stjarnan verður í pottinum þegar dregið verður í undanúrslit keppninnar næstkomandi mánudag. - hbg



**MARTRÖÐ FRAMARA** Garðar Jóhannsson skoraði einnig tvö mörk í deildarsigri Stjörnunnar á Fram á dögunum. Hér fagnar hann fyrra marki sínu í gærkvöldi ásamt Atla Jóhanssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# Nýtt útilitakort

Vandað litakort – fullt af hugmyndum.
Þú getur nálgast litakortið á sölustöðum um land allt.




**málning**
-það segir sig sjálft-

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Málningarbúðin Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 59680 05/12

**> 20.45 How I Met Your Mother (14:24)**

***Það er alltaf fjör hjá vinunum í How I Met Your Mother. Í þættinum í kvöld fer vinahópurinn til heimabæjar Marshalls í Minnesota til að vera viðstaddur jarðarför og hann hittir meðal annars hrottann sem gerði honum lífið leitt á uppvaxtarárunum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BIRGIR ÞÓR HARÐARSON KÝS LIÐNA TÍÐ

# Fortíðin í útvarpinu

Á vef Ríkisútvarpsins, ruv.is, má finna hlaðvarp útvarps. Þar kennir ýmissa grasa enda dagskrárliðir útvarpsins eins fjölbreyttir og þeir eru margir. Það hafa þeir verið í áratugi og það er auðvitað gott og blessað.

Ég hef gaman af gagnvirknibyltingu ljósvakamiðla á Íslandi. Í gegnum myndlykilinn má horfa á sjónvarpsþætti á dagskrá sjónvarpsstöðvanna þegar maður vill og leigja kvikmyndir nenni maður ekki út í sjoppu. Það sama má að segja um útvarpið. Á internetinu er hægt að hlusta á þá útvarpsþætti sem maður missti af, þegar maður vill.



Ég sakna þess þó að geta ekki heyrt útvarpsefni liðinna tíma. Safn útvarpsins af upptökum og þáttagerð er gríðarlegt. Ég veit til þess að unnið hefur verið að því að koma hljóðböndum á stafrænt form svo varðveita megi betur. En til hvers varðveitum við nokkurn skapaðan hlut ef almenningur á ekki auðveldan aðgang að honum.

Ég hvet útvarpsstjóra til að beita sér fyrir því að hægt verði að hlusta á útvarpið áratugi aftur í tímann. Þannig er sá samfélagsauður best nýttur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sveiflan sem sigraði heiminn **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Eins og eldur **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tríó **19.40** Náttúrupistlar **20.00** Leynifélagið **20.30** Útvarpsleikhúsið: Hulin augu **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Innansveitarkronika **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Djassvisjón Evrópu **23.05** Að apa og skapa **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (Army Wives)
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Skúli skelfir**
**17.53 Kafað í djúpin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (4:8) (Gunnar Nelson) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 2012** (4:7) (Twenty Twelve)
**20.05 Litbrigði lífsins** (2:10) (Lark Rise to Candleford) Myndaflokkur um lífið í sveitaþorpunum í Oxfordskíri upp úr 1880.
**21.00 Gulli byggir - Í Undirheimum**
**21.30 Golfið** Í þættinum kynnumst við golfíþróttinni.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hafinn yfir grun - Banvænn ásetningur** (3:3) (Above Suspicion III) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Popppunktur** (1:8) (Heilsunuddarar - Útfararstjórar) (e)
**00.10 Líf vina vorra** (1:10) (Våra vänners liv) (e) Sænskur myndaflokkur um fjóra vini og dramatíkina í einkalífi þeirra.
**01.10 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.45 Malcolm in the Middle** (7:16)
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (79:175)
**10.20 The Wonder Years** (8:24)
**10.50 The Middle** (21:24)
**11.20 Hot In Cleveland** (4:10)
**11.45 The Amazing Race** (4:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (21:40) (22:40)
**15.15 Sjáðu**
**15.45 iCarly** (5:45)
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (16:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Simpson-fjölskyldan** (19:22)
**19.40 Arrested Development** (13:18)
**20.00 Two and a Half Men** (20:24)
**20.25 The Big Bang Theory** (11:24)
**20.45 How I Met Your Mother** (14:24)
**21.10 Bones** (2:13)
**21.55 Girls** (5:10)
**22.25 Eastbound and Down** (6:7)
**22.55 The Daily Show: Global Edition** (22:41)
**23.20 New Girl** (21:24)
**23.45 2 Broke Girls** (9:24)
**00.10 Drop Dead Diva** (5:13)
**00.55 Gossip Girl** (21:24)
**01.40 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (5:7)
**02.35 Entourage** (11:12)
**03.05 Breaking Bad** (11:13)
**03.50 Love Bites** (1:8)
**04.35 Hung** (2:10)
**05.05 Two and a Half Men** (20:24)
**05.25 The Big Bang Theory** (11:24)
**05.45 How I Met Your Mother** (14:24)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Borgunarmörkin 2012** Sýndar svipmyndir frá leikjunum í 8-liða úrslitum.
**17.05 Borgunarbikar kk: ÍBV - KR**
**18.55 Borgunarmörkin 2012**
**19.25 Pepsi-deild kvenna: FH - Breiðablik** BEINT
**21.40 Herminator Invitational** (2:2) Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðargolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.
**22.25 Arnold Classic** Sýndar svipmyndir frá mótinu sem fram fór í Columbus í Ohio.
**22.55 Pepsi-deild kvenna: FH - Breiðablik**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Blackburn - Swansea**
**19.40 PL Classic Matches: Tottenham - Newcastle, 1994**
**20.10 Premier League World**
**20.40 Man. Utd. - Arsenal**
**22.25 Chelsea - Wolves**

## EXTRA

**19.35 The Doctors** (154:175)
**20.15 Hawthorne** (1:10)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Glee** (13:22)
**22.35 Suits** (5:12)
**23.20 Silent Witness** (9:12)
**00.15 Supernatural** (19:22)
**01.00 Hawthorne** (1:10)
**01.45 Íslenski listinn**
**02.10 Sjáðu**
**02.35 The Doctors** (154:175)
**03.15 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX-tónlist**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Pepsi MAX-tónlist**
**15.55 Eldhús sannleikans** (9:10) (e)
**16.15 Innlit/útlit** (7:8) (e)
**16.45 Life Unexpected** (10:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Live To Dance** (2:8) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (13:48) (e)
**19.30 30 Rock** (13:23) (e)
**19.55 Will & Grace** (20:27) (e)
**20.20 Seven Ages of Pregnancy** Sjónvarpskonan Cherry Healey var í góðu starfi, með frábæra íbúð og átti flottan kærasta. Síðan komst hún að því að hún var ólétt. Það var ekki ætlunin og spurningin vaknaði um hvort það væri einhvern tíma réttur tími fyrir barneignir. Þegar hún átti aðeins sjö vikur eftir af meðgöngunni fór hún og leitaði svara. Hún hitti sjö óléttar konur á ýmsum aldri sem búa við ólíkar aðstæður og ræddi við þær um meðgönguna og barneignir.
**21.10 Design Star** (2:9) Bandarísk þáttaröð þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.
**22.00 Unforgettable** (12:22)
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 In Plain Sight** (11:13) (e)
**00.15 Teen Wolf** (5:12) (e)
**01.05 Unforgettable** (12:22) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.50** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **11.50** Golfing World **12.40** LPGA Highlights (13:20) **14.00** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (25:45) **19.45** The Memorial Tournament 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2009 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.25** Keeping Up Appearances **07.25** One Foot in the Grave **08.00** Dalziel and Pascoe **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Come Dine With Me **11.25** QI **12.25** Keeping Up Appearances **13.25** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.25** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.05** QI **19.05** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Nighty Night **21.45** Live at the Apollo **22.29** Top Gear **23.24** The Graham Norton Show **00.10** Nighty Night

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.30** 80'erne tur retur **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie i det fede USA **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Lille Nørd **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **17.45** Sommervejr **18.00** Hammerslag **18.30** So F***ing Special **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.30** SportNyt **19.40** Wallander. Ildspor **21.10** Lulu og Leon **21.55** Damages **22.35** Arvingen til Glenbogle

## NRK 1

**13.05** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.05** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Norsk attraksjon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** Herskapelig redningsaksjon **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Frå Lark Rise til Candleford **21.15** Kveldsnytt **21.30** I skotlinja **22.20** Ari og Per **22.50** Hvem tror du at du er? **23.30** Herskapelig redningsaksjon

## svt1

**11.05** Mannen från Jupiter **12.05** I skuggan **12.45** Maj på Malö **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Ett annat sätt att leva **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Sidenvägen på 30 dagar **17.00** Semester, semester, semester **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Livet utan dig **20.10** Extra gnälligt **20.40** Rapport **20.45** Solomon Kane **22.30** Den stora kustresan **23.10** Rapport **23.15** Gravid i höga klackar

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




AUGNABLIKSFANGARAR FRÁ Canon




## Canon EOS 1100D

- 12 megapixla APS-C CMOS myndflaga.
- 2,7" skjár og leiðbeiningar um eiginleika á skjá.
- Sjálfvirkar stillingar með Scene modes.
- HD EOS Movie og Quick Control Screen.
- ISO 100-6400.
- 9 punkta hraðvirkt fókuskerfi.

**Verð frá 89.900 kr.**
með 18–55 mm linsu.

**Taktu skrefið til fulls inn í heim DSLR ljósmyndunar.**

## Canon EOS 600D

- 18 megapixla APS-C CMOS myndflaga.
- DIGIC 4 örgjörvi dregur úr suði (noise).
- ISO 100-6400 næmni. Útvíkkanlegt í ISO 12800.
- Full HD (1080p) EOS Movie.
- Tengi fyrir hljóðnema.
- 3,0" 3:2 LCD skjár. 1.040.000 upplausn.

**Verð frá 159.900 kr.**
með 18–55 mm linsu.

**Fangaðu söguna með kyrr- og hreyfimyndum.**

## Canon EOS 650D

- 18 megapixla APS-C CMOS myndflaga.
- Full HD upptaka með sjálfvirkum fókus.
- Tekur 5 ramma á sek.
- Hreyfanlegur 3,0" LCD skjár.
- ISO 100-6400 næmni.
- Útvíkkanlegt í ISO 25.600.
- Innbyggður Speedlite Transmitter.

**Verð frá 169.900 kr.**

**Nýjasti valkosturinn í EOS. Meiri gæði og fleiri eiginleikar.**

Brandenburg

# Taktu þátt í EOS ævintýri Canon.

Nýherji hf. | Sími 569 7700 | www.netverslun.is

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

**Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt**
**Reykjavík** Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum, Skeifunni & Granda - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Smáratorgi - Fotoval, Skipholti 50b - Reykjavík Foto, Laugavegi 51 / **Akureyri** Pedromyndir - Byko - Verslun Nýherja / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Penninn / **Sauðárkrókur** Tengill / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Ólafsvík** Söluskálinn / **Stykkishólmur** Skipavík / **Borgarnes** Framköllunarþjónustan - Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Egilsstaðir** Myndsmiðjan / **Vopnafjörður** Kauptún / **Vestmannaeyjar** Geisli - Tölvun / **Netverslun Nýherja**, **www.netverslun.is** / **ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar**

**SUMARFRÍIÐ**



*„Ég set bara tösku í aftursætið, hnakk á pallinn á pallbílnum og vöðlur í skottið og svo keyri ég út í náttúruna og læt vindinn bera mig á vit ævintýranna.“*

Helgi Björnsson, leikari, tónlistarmaður og afmælisbarn dagsins.

# Þórunn Antonía óvart vinsæl á Spáni

„Lagið mitt Too Late er í fyrsta sæti á spænskri tónlistarsíðu,“ segir söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir steinhissa yfir því að lagið hafi ratað í efsta sæti á lagalista spænsku vefsíðunnar AstreduPOP, sem virðist leita uppi lítt þekkta en efnilega tónlistarmenn.

Þórunn vissi ekki um vefsíðuna fyrr en aðstandandi hennar sendi henni fréttirnar. „Hann sagði að Too Late væri frábært popplag sem væri spilað hverja helgi í Zaragoza á Spáni og að allir dýrki það þar,“ segir hún undrandi. Á vefsíðunni er einnig bent á nýja lagið So High af plötunni Star-Crossed, sem kemur út í ágúst.

„Ég hef rekist á nokkrar umfjallanir á Netinu síðan So High kom út fyrir rúmlega viku. Það er búið að skrifa fullt um nýja efnið þótt platan sé ekki komin út,“ segir Þórunn sem fær reglulega ábendingar um umfjallanir frá vinum.

„Þetta er mjög fyndið. Internetið er bara svo magnað fyrirbæri. Ég hef ekki verið að senda vefsíðum eða blaðamönnum neitt um mig,“ segir hún.

Þessi tíðindi eru í takt við þau orð sem faðir hennar, tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson, lét falla um nýju plötuna. „Hann sagði að hún myndi virka geggjað vel í Suður-Evrópu og eftir að hann frétti af þessum lista sagði hann að ég ætti að fara til Spánar og Ítalíu og meika það,“ segir hún og játar að það yrði sko ekki leiðinlegt.

Næst á dagskrá hjá söngkonunni er að taka upp myndband við nýja lagið So High. „Ellen Loftsdóttir og Þorbjörn Ingason sem standa að baki Narvi Productions leikstýra myndbandinu í næstu viku,“ segir hún en þau höfðu og vanda af myndbandi GusGus við lagið Over. **- hþt**



**VEKUR ATHYGLI** Þórunn Antonía vermir fyrsta sæti á erlendum lagalista spænsku vefsíðunnar AstreduPOP sem segir alla í Zaragoza dýrka lagið Too Late. MYND/ANÍTA ELDJÁRN






**BJÖRN BRAGI:** EF ALLT FER Á VERSTA VEG ÞÁ SKRÍÐ ÉG BARA Í MARK

# Mamma hvetur Björn til að hætta við maraþonið

„Mamma hringir í mig á hverjum degi og hvetur mig til að hætta við þetta. Hún er mjög hrædd um mig,“ segir Björn Bragi Arnarsson, sjónvarpsmaður með meiru, sem stefnir á að hlaupa heilt maraþon í Reykjavíkurmaraþoninu 18. ágúst næstkomandi.

Björn Bragi hafði ákveðið að taka þátt í hlaupinu en stefndi á styttri vegalengd en alla 42 kílómetrana. „Kári Steinn, hlaupari og félagi minn, hafði verið að hvetja mig til að fara alla leið og taka heilt maraþon. Þegar hann kom í viðtal til okkar í Týndu kynslóðina ákvað hann svo að nota tækifærið og mana mig til þess og ég gat ekki skorast undan því,“ segir Björn. Björn Bragi segist vera smá hlaupamaður í sér og taka tímabil á hverju ári þar sem hann sé duglegur að fara út að skokka. Hann hafi þó aldrei farið svo mikið sem hálft maraþon, hvað þá heilt. „Menn hafa svolítið verið að efast um að ég muni geta þetta, en það styrkir mig bara þeim mun meira í að sýna fólki að þetta sé hægt,“ segir hann og bætir við að hann búist þó ekki við að koma í mark á neinum sigurtíma. „Ef allt fer á versta veg þá skríð ég bara í mark. Ég er að fá fólk til að heita á mig svo það er eins gott að gera þetta almennilega,“ segir hann, en hann mun hlaupa til styrktar Krabbameinsfélaginu.

Aðspurður segist Björn enn ekki vera kominn með nægilegt skipulag í æfingunum en hann sé þó smám saman að lengja vegalengdirnar sem hann hleypur. „Ég á nokkra góða félaga sem hlaupa mikið og eru duglegir að gefa mér ráðleggingar,“ segir hann og bætir við að hann læri nýja hluti sem tengjast hlaupum á hverjum degi.

Fram að maraþoninu kemur hann til með að verða með eitt til tvö innslög vikulega í þættinum Ísland í dag á Stöð 2. Þar getur fólk fylgst með undirbúningsferlinu hjá honum auk þess sem hann mun hitta fyrir aðra hlaupara og fræðast um mataræði og æfingar fyrir hlaupara. „Ég kíki svo líka á einhver af góðgerðarfélögunum sem fólk ætlar að styrkja í hlaupinu,“ segir hann.



**HLAUPAMAÐUR** Björn Bragi segist vera smá hlaupamaður í sér og taka tímabil á hverju ári þar sem hann sé duglegur að fara út að skokka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

tinnaros@frettabladid.is

# Syngur við tölvugerða tónlist

„Ég samdi allt efnið og flyt það. Platan var hljómjöfnuð í New York en að öðru leyti gerði ég hana alla sjálf,“ segir Oléna Simone, listamaður frá Frakklandi, sem hefur verið búsett á Íslandi frá árinu 2005 og var að gefa út sína fyrstu plötu, Made in Hurt by Heart.

Sjálf spilar Oléna ekki á nein hljóðfæri heldur býr hún alla tónlistina til í tölvu. „Ég tek upp alls konar umhverfishljóð og önnur hljóð sem ég kann vel við og vinn svo með þau í tölvunni og bý til tónlist,“ segir hún. Hún hefur ekki stundað neitt tónlistartengt nám en var þó í listaskóla í Frakklandi. Þetta er í fyrsta skipti sem Oléna gefur út tónlist sína, en hún samdi texta og tók þátt í flutningi tveggja laga á plötu hljómsveitarinnar Asonat sem kom út í apríl.

Oléna segir tónlist sína vera mjög heiðarlega og byggða á hennar daglega lífi. „Þetta er hálfgerð sjálfsævisaga en textana byggi ég á eigin tilfinningum og hugsunum,“ segir hún. Frá því hún byrjaði fyrst að flytja tónlist hefur henni verið líkt við íslensku stjörnuna Björk. „Ég fékk meira að segja að heyra það úti í Frakklandi. Ég er alls ekki að reyna að vera eins og hún, eða nokkur annar, heldur vil ég bara vera ég sjálf,“ segir hún og bætir við að hún taki því þó sem miklu hrósi að vera líkt við söngkonuna. Oléna stefnir á tónleika til að fylgja plötunni eftir þegar fram líða stundir og fer að hægjast um hjá henni. „Svo sótti ég líka um á Airwaves svo það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr því,“ segir hún hress í bragði. Plötuna má nálgast í verslunum 12 Tóna á Skólavörðustíg og í Hörpu, eða á heimasíðunum Gogoyoko og Bandcamp. **- trs**



**GERÐI NÆR ALLT SJÁLF** Oléna gaf út á dögunum plötuna Made in Hurt by Heart og er það hennar fyrsta plata. Hún gerði hana að nær öllu leyti sjálf.

Domino's Pizza®

www.dominos.is sími 58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu
Nánar á **dominos.is/app**



GÆÐI ALLA LEIÐ!

**Kjúklingabaka:** Léttbotn, græn paprika, minni sósa, minni ostur, laukur, kjúklingur og sveppir

Fíton / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Enn lögga

KR mætti á sunnudag til Eyja og spilaði bikarleik við ÍBV á Hásteinsvelli. KR fór með sigur af hólmi þrátt fyrir að vera á erfiðum útivelli. Á leikinn mættu Eyjamenn eins og þeim er von og vísa. Einn þeirra er **Geir Jón Þórisson**, fyrrverandi yfirlögregluþjónn í Reykjavík. Hann flutti heim til Vestmannaeyja fyrir skömmu og er farinn að taka þátt í samfélagi Eyjamanna á nýjan leik. Geir Jón er þó ekki alveg hættur að halda uppi lögum og reglu því þegar nálægum stuðningsmönnum hljóp kapp í kinn og þeir kölluðu ósæmileg orð inn á völlinn brást Geir Jón við eins og sannur laganna vörður og bað menn vinsamlegast að gæta að orðbragðinu. Sem menn og gerðu. Úrslit leiksins reyndust Geir svo vitaskuld vonbrigði en að leik loknum hagaði hann sér eins og mesta prúðmenni og óskaði KR-ingum í stúkunni til hamingju með sigurinn.



### Gamla gufan poppuð upp

Leikarinn **Þorvaldur Davíð Kristjánsson** og rithöfundurinn Ragnar Jónasson munu lífga upp á Gufuna í sumar með hressu viðtalsþáttunum Að apa og skapa en þar ætla félagarnir að ræða við efnilega og skapandi listamenn. Fyrsti þátturinn fór í loftið í gær kl. 16.05 og var viðmælandi píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson, sem er útskrifaður úr hinum virta Juilliard-skóla í New York líkt og Þorvaldur Davíð. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mættu þáttastjórnendur inn á skrifstofu til Sigrúnar Stefánsdóttur dagskrárstjóra og báru undir hana hugmyndina sem hún tók fagnandi.



**- þþh, hþt**

## Mest lesið vísir

1. Björk fær afar misjafna dóma eftir Hróarskelduhátíðina
2. Fundu prótein sem ver krabbamein…
3. Bændur á Bjargi ósáttir við vinnubrögð Bauhaus…
4. Illan þef leggur langar leiðir
5. Troðfullur skóli bíður húsnæðis





# SUMAR ÚTSALA

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**

Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla. Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni. Svefnflötur 140x200. Nú aðeins kr. **329.900**

**NÝTT**
**BOSS**
HUGO BOSS
home

**SAGA/FREYJA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



**SAGA/FREYJA**
Queen rúm, nú aðeins **129.900**
**ÞÓR** Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL**
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



**BOAS**
**Leður hægindasófi 3 sæta 179.900**
**Leður hægindastóll 89.900**
**Lyftu hægindastóll 159.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**TERNABOX - ÚTSALA**
2x90x200
**299.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla. Lök, hlífðardýnur, sængur, sængurver, handklæði og sloppar

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is




*3,5% lántökugjald

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**